

MOSFELLINGUR

7. tbl. 6. árg. föstudagur 11. maí 2007. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



Fótboltasumarið byrjar vel

BIKARMEISTARAR Í B DEILD KSÍ

Ljósm. Ágúst Linn

EIGN VIKUNNAR



Víðiteigur 12

173,7 m² einbýlishús
á falletgri lóð


Verð kr. 39,8 m.

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ
586 8080
www.fastmos.is

**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnesteð
Löggiltur fasteignasali



Gott úrval af góðum braudum

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2 Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvegi 18, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamenn: Ágúst B. Linn og
Ruth Örnólfsdóttir
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkör: Hjördís Kvarn Einarisdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Aðsendar greinar skulu ekki vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 1. júní

Litlaus kosningabarátta

Það hefur ekki farið framhjá neinum heilvita manni að kosið verður til alþingis á morgun. Kosningabaráttan hefur verið litlaus og óvenju leiðinleg að mínu mati. Er kannski búið að ákveða stjórnarsamtarf á bakvið tjöldin? Skoðanakönnunum hefur rignt yfir landann og allt reynt til þess að eyðileggja spennuna á kosningavökunum annað kvöld.



Þegar hringt er í mig og fylgi

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

flokka kannað, hef ég alltaf jafn gaman að því að segjast kjósa hómoristaflokkinn eða eitthvað annað fánlegt til að gera niðurstöðurnar eins brenglaðar og ég mögulega get. Hið venjulega skítkast sem vill oft fylgja pólitískum umræðum gerir það heldur ekki að verkum að auka áhuga almennings á málefnum né stefnu flokkanna. Sveitarstjórnakosningar eru þeim mun skemmtilegri, meira líf á kosningaskrifstofunum í Mosó og fleiri sem maður þekkir persónulega. En kosningarnar eru mikilvægar engu að síður og því um að gera að taka þátt svo lýðræðið verði í hávegum haft.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar ylræktin byrjaði að blómstra á Íslandi. Bjarni Ásgeirsson bóndi og síðar alþingismaður, fluttist að Reykjum árið 1921. Mágur hans, Guðmundur Jónsson, hafði fest kaup á Reykjum nokkrum árum áður. Bjarni var búfræðimenntaður og hafði mikinn áhuga á ylrækt. Bjarni og Guðmundur komust í kynni við danskan vinnumann, Jóhannes Boeskov, á svipuðum tíma og Bjarni flutti búslóð sína að Reykjum. Þeir félagarnir reistu gróðurhús árið 1923, það fyrsta á Íslandi. Á myndunum má sjá frumkvöðulinn Bjarna ásamt konu sinni, Ástu Jónsdóttur og Svein Björnsson forseta Íslands þiggja fallegan blómvönd í heimsókn sinni í hin byltíngar-kenndu gróðurhús á Reykjum.

Myndir fengnar úr bókinni Saga Mosfellsbæjar



HÉÐAN OG ÞÁÐAN





ÁGÆTU MOSFELLINGAR

KJÓSUM RÉTT!

X - FASTEIGNASALA MOSFELLSBÆJAR

Fasteignasala Mosfellsbæjar er lítið fjölskyldufyrirtæki sem starfrækt hefur verið í Mosfellsbæ á 10. ár. Frá upphafi hefur fasteignasalan sérhæft sig í sölu eigna í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi.

Einar Páll sér um skoðun fasteigna, sölu fasteigna og skjalafrágang, Hildur og Lína sjá um að Einar hafi nóg að gera og Sigurjón sendiherra sér um að skjölin komist í þinglýsingu á öruggan hátt.

Saman erum við Fasteignasala Mosfellsbæjar!



Hildur

Einar Páll
Löggiltur fasteignasali

Lína

**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

Sími: 586 8080
www.fastmos.is

KJARNA, ÞVERHOLTÍ 2, MOSFELLSBÆ



Pizzabær seldur

Svanþór Einarsson, eigandi Pizzabæjar til 11 ára, hefur ákveðið að selja veitingastaðinn Pizzabæ. Svanþór og starfsfólk hans hefur verið iðíð við að baka pizzur ofan í svanga Mosfellinga síðasta áratuginn. Pizzabær hefur einnig stutt vel við íþróttalíf í bæjarfélaginu og sett mikinn svip á bæinn. Staðurinn er einna þekktastur fyrir hin rómuðu kryddbrauð ásamt öðrum ljúffengum Pizzabæjarpizzum. Staðurinn mun hins vegar halda nafninu áfram en undir öðrum formerkjum. Eigendaskiptin munu taka gildi á næstu vikum.

Sjá um sorphirðu næstu þrjú árin

Íslenska gámafélagið kemur til með að sjá um sorphirðu bæjarbúa næstu þrjú árin. Útboð var á sorphirðu og átti Íslenska gámafélagið lægsta boð í verkið. Félagið kemur til með að sjá um sameiginlega sorphirðu Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Garðabæjar.



Mjallhvít og dvergarnir sjö

Krakkarnir í frístundaseli Varmárskóla hafa verið að æfa leikritið Mjallhvít og dvergarnir sjö undir leikstjórn Sigrúnar Harðardóttir í vetur. Afraksturinn var svo sýndur í Bæjarleikhúsinu þann 26. apríl fyrir foreldra og vini og var þetta frábær sýning og gaman að sjá hvað krakkarnir höfðu gaman af þessu verkefni. Krakkarnir eru 7-10 ára.

Eirhamrar, 39 öryggisíbúðir fyrir aldraða vígðar að Hlaðhömrum

Öryggisíbúðir fyrir aldraða

Þann 27. apríl voru vígðar nýjar öryggisíbúðir fyrir aldraða að Hlaðhömrum. Af því tilefni var haldið vígslukaffi að Hlaðhömrum og sr. Sigurður Guðmundsson lagði blessun sína á nýju bygginguna. Einnig hélt Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri, stutta tölu. Eftir það var hin nýja bygging opin gestum til skoðunar. Húsið, sem hefur verið skírt, Eirhamrar, státar af 39 íbúðum. Nú þegar eru flestar íbúðirnar seldar og verða þær afhentar eigendum fljótlega.



39 íbúðir tilbúnar til afhendingar



Ragnheiður, Jóhanna, Herdís og Sigurður við víglsuna

Fuglaskoðun í Leirvogi

Laugardaginn 5. maí var fuglaskoðun á vegum Umhverfis- og náttúrufræðifélags Mosfellsbæjar. Þrátt fyrir að ekki viðraði sem best tókst hún mjög vel. Um hálfur annar tugur Mosfellinga kom og naut fræðslu Jóhanns Óla Hilmarssonar sem er hvort tveggja í senn mjög góður fuglafræðingur, afburða ljósmyndari og hreint frábær fræðari. Þó eg undirritaður hafi búið nær aldarfjórðung í næsta nágrenni við Leirvog þá hefur mér aldrei tekist að greina allar þær tegundir fugla sem þar halda sig.

Athygli okkar var sérstaklega að við Leirvoginn halda sig nokkrar tegundir fugla sem ekki sjást á hverjum degi. Talið er að um 50 tegundir fugla megi sjá þar. Fuglategundir á borð við margæs hóf fyrir nokkrum árum að venja komur sínar á veginn og hefur verið áhriss vorboði. Margæsir eru gestir hér en fara áfram á varpstöðvar á Grænlandi og dvelja hér um nokkra hríð. Þær eru væntanlegar aftur í haust á leið sinni til vetrarstöðvanna.



Hápunktur fuglaskoðunarinnar að þessu sinni var þegar stór hópur margæsa hóf sig til flugs, sennilega milli 100 og 200 að tölu, frá náttstað og settust skammt frá okkur við leirurnar. Nutum við þess að fylgjast með þeim í sjónaukum, baða sig og snyrta. Við voginn má einnig sjá rauðbrysting sem er á stærð við sendling. Hann er einnig gestur á leið til Grænlands og jafnvel Kanada. Þá mátti sjá brandönd, töppönd, straumönd og bæði bjartmáva og stormmáva sem eru fremur sjaldséðir við Faxaflóa. Fleiri fuglategundir sáust en því miður sást ekki til krúu en hún er auðvitað einn helsti vorboðinn okkar.

Sú hugmynd kom að kannaðir væru möguleikar á að koma upp góðri aðstöðu til fuglaskoðunar við Leirvog sem einnig nýttist náttúrufræðikennslu í skólum Mosfellsbæjar og jafnvel fleirum. Koma þyrfti og upp fræðsluskiltum. Þá kom einnig fram

hugmynd að tekinn væri saman fræðslubæklingur um fuglalíf við Leirvog. Munu þessar hugmyndir verða teknar fyrir á næsta stjórnarfundum félagsins.

Jóhann Óli Hilmarsson kveikti vissulega áhugann hjá okkur og megi hann hafa mikla þökk fyrir að koma til okkar og miðla fróðleik. Fuglaskoðun verður hér eftir árvisst viðburður 1.-2. á ári.

Allir áhugasamir um náttúrufræði geta gerst félagar í Umhverfis- og náttúrufræðifélagi Mosfellsbæjar án tillits til aldurs eða búsetu. Inntökubeiðni má senda til: naturamos@visir.is

Engin eru félagsgjöldin. Félagar eru núna 25 að tölu.

Næstu fræðsluferðir eru á dagsskránni í júní og verða auglýstar þegar nær dregur.

Guðjón Jenson
formaður Umhverfis- og
náttúrufræðifélags Mosfellsbæjar

Það hefur aldrei verið betra að búa á Íslandi

Ísland hefur breyst í land tækifæranna undarfarin ár.
Lífskjör okkar eru með allra besta móti og ungt fólk hefur
aldrei haft jafn margra valkosti fyrir framtíðina.

Þessi velferð er ekki síst traustri efnahagsstjórn að þakka.
Höldum áfram.



SJÁLFTÆÐISFLOKKURINN
Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

- Álftanes
- Garðabær
- Hafnarfjörður
- Kjós
- Kópavogur
- Mosfellsbær
- Seltjarnarnes



6. sæti
Ragnheiður
Ríkhartósdóttir

7. sæti
Rósa
Guðbjartsdóttir

2. sæti
Bjarni
Benediktsson

1. sæti
Þorgerður Katrín
Gunnarsdóttir

3. sæti
Ármann Kr.
Ólafsson

5. sæti
Ragnheiður Elín
Árnadóttir

4. sæti
Jón
Gunnarsson



Gönguhópar og golfkennsla

Mosfellsbær er þátttakandi í verkefninu HREYFING FYRIR ALLA í samstarfi við Lýðheilsustöð. Tilgangur verkefnisins er að stuðla að aukinni hreyfingu fullorðinna til ánægju og heilsubóta. Boðið verður upp á gönguhóp og golfkennslu í maí og júní. Gönguhópar eru þriðjud. og fimmtud. kl. 17 frá Íþróttamiðstöðinni að Varmá. Pútt og golfkennslan er mánud. og miðvikud. kl. 18. Mæting er við golfskálann hjá Kili. Ekkert gjald er tekið fyrir og allir fullorðnir íbúar velkomnir. Nánari upplýsingar er að finna í Íþróttamiðstöðinni, s: 566-6754.



Leitað eftir heitu vatni í Kjósinni

Orkunefnd Kjósarhrepps kom saman þann 30. apríl en leitast er við að finna heitt vatn í Kjósinni. Rætt hefur verið um að nýta tvær borholur í Hvammsvík en Kristján Sæmundsson jarðhitasérfræðingur telur að athuga þurfi önnur svæði með nýtanlegt vatn nær miðju sveitarinnar. Nokkrar tilraunaholur eru víða um sveitina og er það ósk nefndarinnar að þeir sem vita um slíkar holur komi þeim upplýsingum til nefndarinnar.

Kiwanismenn gáfu 1. bekkinum skólanna reiðhjólahlálma að gjöf

Hjálmar frá Kiwanis



Þeir Frimann, Haraldur og Pétur koma hér færandi hendi í Varmáarskóla

Félagar í Kiwanisklúbbum Geysis og Mosfells komu færandi hendi í grunnskóla bæjarins á dögunum. Þeir gáfu öllum nemendum í 1. bekk reiðhjólahlálma. Þetta er í fjórða sinn sem þessi rausnarlegi og gagnlegi glaðningur er gefinn börnum í 1. bekk.

Blómlegt starf knattspyrnudeildar

Knattspyrnudeild Aftureldingar er stærsta deild Ungmennafélagsins Aftureldingar með tæplega 400 virka iðkendur; allt frá leikskólaaldri í 8. flokki (bæði karla og kvenna) og upp í meistaraflokka. Undanfarnir misseri hefur rekstur og allt starf deildarinnar verið í mikilli uppsveiflu. Sett hafa verið fram skýr markmið og framtíðarsýn fyrir starfsemi, þó aðalmarkmiðið verði alltaf það sama; upplýðing og andlega örvin og hvatningu sem á endanum skilar betri þjóðfélagsþegnum. Á næstu árum er ætlunin að starfsemi knattspyrnudeildar verði enn blómlegri en verið hefur, með því að halda úti metnaðarfullri, skemmtilegri og uppbyggilegri starfsemi fyrir iðkendur og aðstandendur þeirra.



hópiþróttir í æsku; þannig hafi starfsmaðurinn tamið sér ákveðið keppnisskap og kunni að vinna og tapa, ásamt því að vera líklegri til að taka þátt í mynda „árangursríka líðsheid“ á vinnustaðnum.

Það gleymist líka stundum að fjöldi sjálfbodaliða leggur tugi klukkustunda af frítíma sínum í hverjum mánuði til að halda starfinu gangandi og fjöldi samverustaða foreldra í formi funda og því að fylgjast með æfingum og keppnum er gríðarlegur. Í raun er þessi vinna og samvera mikilvægur hornsteinn við að halda litríku samfélagi gangandi og þennan þátt ætti ekki að vanmeta. Starfsemi knattspyrnudeildar Aftureldingar er því gríðarlegt innlegg í bæjarlífið okkar hér í Mosfellsbæ og mikilvægur hlekkur í að gera bæinn okkar áhugaverðan og skemmtilegan.

Aðalfundur knattspyrnudeildar var haldinn nýlega og var hann sá fjölmennasti frá upphafi. Þar kom skýrt fram að Afturelding er nú á þeim tímamótum að vera að stígbreytast í fullprosa knattspyrnufélag. Geir Þorsteinsson formaður KSÍ var gestur fundarins og í máli hans kom fram að með samstilltu átaki bæjaryfirvalda, foreldra, iðkenda

og stuðningsmanna hefur Mosfellsbær alla burði til að geta átt knattspyrnufélag í fremstu röð. Við hér í Mosfellsbæ erum sannfærð um að svo mun verða ef samstaða næst um verkefnið meðal okkar allra.

Markmið forsvarsmanna knattspyrnudeildar Aftureldingar með starfinu er skýrt. Við ætlum okkur að veita knattspyrnubörnum Mosfellsbæjar dýrmæta reynslu, líkamlega þjálfun og hugarfar sem gerir þau að betri einstaklingum og þjóðfélagsþegnum. Jafnframt fá þau veganesti út í lífið í formi ógleymanlegra minninga, fjölda félaga og félagshjarta. Með því að búa til „Aftureldingarhjarta“ er átt við, að þó öll börnin okkar verði ekki endilega knattspyrnufólk í fremstu röð á fullorðinsárum, eiga þau eftir að verða stjórnarmenn, þjálfarar, dómarar og stuðningsmenn félagsins og miðla þannig áfram starfinu sem þau fengu að njóta, til komandi kynslóða.

Gleðilegt knattspyrnusumar – sjáumst á vellinum í sumar! Áfram Afturelding!

Pétur Magnússon
formaður barna- og unglíngaráðs
knattspyrnudeildar Aftureldingar

Sólheimaferð

Mæting í Sólheimaferðina 15. apríl er kl. 13 við Hlaðhamra.

Ferð um Snæfellsnes 27.–29. júní verður felld niður vegna lítillar þátttöku.

Ath: þeir sem greitt hafa staðfestingargjald sækja endurgreiðslu til forstöðumanns á skrifstofutíma þ.e. kl. 13-16.
sími: 586-8014 e.h. og gsm: 692-0814.

FaMos

FaMos, Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni,

er hagsmunafélag þeirra sem orðnir eru 60 ára, með aðild að Landssambandi eldri borgara.

Formaður er Gréta Aðalsteinsdóttir, s. 566-8911 og 692-3939, netfang ugla@mi.is

Skrifstofa FaMos er á annarri hæð í Hlégarði, opin alla mánudaga kl. 15-17, nema mánudag beri upp á frídag. Lokað í júní-ágúst.

Hvenær sem er má hafa samband við stjórnarmenn FaMos, sjá nánar mos.is>þjónusta>

eldri borgara>félag eldri borgara í Mosfellsbæ, eða Fréttabréf FaMos, mars 2007.

Ekki eru sendir út sérstakir innheimtuseðlar, sjá sama Fréttabréf, en félagsmenn eru hvattir til að borga félagsgjaldið kr. 2.000 í næsta banka og verða þeim þá send félagsskirteini/afsláttarkort.

Reikningur FaMos er í Kauppingi, útibú 315, höfuðbók 13, bókarnúmer 700127.

Kennitala FaMos er 471102-2450.

ELDRI BORGARAR

KÆRU MOSFELLINGAR !

**RE/MAX opnar nýja fasteignasölu
við hlið Krónunnar innan skamms !**

Það eru mörg spennandi og krefjandi verkefni framundan í Mosfellsbænum.

Við óskum eftir sölufulltrúum með þekkingu á Mosfellsbæ og almennum staðháttum.

Miklir tekjumöguleikar og frábær aðstaða.

Reynsla í fasteignaviðskiptum æskileg en ekki skilyrði.
Skipulögð kennsla og þjálfun.

Sendu okkur uppl. um menntun og fyrri störf: mos@remax.is

Getum tekið við eignum á skrá nú þegar mos@remax.is !



Upplyfting á Varmárlauginni

Nú standa yfir breytingar á Varmárlaug. Verið er að stækka svæðið og samkvæmt Sigurði Guðmundssyni íþróttafulltrúa á að bæta við vaðlaug. Þá verða settar upp útigeymslur fyrir tæki og tól. Þá á einnig að bæta við sólbekkjum og stólum. Aðstaðan kemur því til að verða mun betri fyrir sólar- og sunddýrkendur í sumar.



Nýir bæir í Kjós

Ný bæjarnöfn í Kjósinni voru samþykkt á fundi Umhverfis- og ferðamálanefndar Kjósarhrepps þann 17. apríl síðastliðinn. Nýju bæjarnöfnin eru Brekkukot, Stekkjarhóll, Bollastaðir, Traðarholt, Lindarbrekka og Sylla. Bæjarmerkingarnar nýju verða sendar Vegagerðinni til úrvinnslu og uppsetningar.



Göngur á fellin í nánasta nágrenni

Atorka mannærkt stendur fyrir göngum á fellin umhverfis Mosfellsbæ. Ferðirnar eru á þriðjudögum og fimmtudögum og er lagt af stað kl. 17.15 frá Álafosskvos. Búið er að ganga á þrjú fell af fimm. Á þriðjudaginn verður gengið á Reykjaborg og þá næst á Úlfarsfell. Göngurnar taka um 2-3 klst. og er tilvalið að taka með sér smá nesti til að snæða á toppnum. Leiðsögumaður er Gunnlaugur B. Ólafsson



Í nógu að snúast í plastinu á Reykjalundi Ídýfuhelgi framundan

Á Reykjalundi fer ýmisskonar starfsemi fram, þar á meðal öflugur plastiðnaður. Þegar Mosfelling bar að garði voru starfsmenn í óða önn að útbúa plastdósir. „Mikið álag hefur verið að undanfögnu enda mikil ídýfuhelgi framundan“ að sögn Haraldar Magnússonar starfsmanns. Eins og flestum er kunnugt eru Íslendingar mikið fyrir kosningavökur og eurovis-ionpartý en þessa atburði ber nú uppá sama kvöld og má því gera ráð fyrir að boðið verði uppá marskonar ídýfur í dósum frá Reykjalundi.

Hvað skiptir máli?

Valið við alþingiskosningarnar þann 12. maí n.k. stendur annars vegar um styrka efnahagsstjórn og áframhaldandi uppgang þjóðfélagsins á öllum sviðum eða stopp og afturhald með tilheyrandi óráðssíu og skattahækkunum undir stjórn vinstri manna.

Í pólitík greinir menn á um áherslur og leiðir en árangur er það sem skiptir máli og því ætti valið að vera auðvelt. Það hefur sýnt sig að Sjálfstæðisflokknum er best treystandi fyrir efnahagsmálunum jafnt í landsmálum sem og í sveitarstjórnunum. Það þekkja allir eða flestir stöðuna eins og hún er í dag, skattar hafa verið lækkaðir, kaupmáttur hefur aukist gríðalega, atvinnuleysi er ekki fyrir hendi.

En þegar vel árar er nóg til skiptanna og þá vilja vinstri flokkarnir komast að kjótkötlunum og halda því á lofti að tími sé kominn á breytingar í íslenskum stjórnámálum og til þess að svo megi verða þurfi að koma Sjálfstæðisflokknum frá völdum.

Þjóðin þarf að hugsa langt aftur í tímann til að rifja upp meirihlutastjórn vinstri flokka á Alþingi. Ungu fólkið í dag man ekki eftir árlegum skattahækkunum, verðbólgunni, reglugerum gengisfellingum og viðvarandi neyðarástandi íslensks atvinnulífs. En það eru æði margir sem muna þá tíma og þekkja áhrif atvinnuleysis á einstaklinga og fjölskyldur, slíka tíma vill enginn sem til þekkir upplifa aftur.



Vert er að rifja upp í þessu samhengi að þann 1. maí fyrir 16 árum var haldinn baráttufundur undir yfirskriftinni Við viljum vinnu, þá hafði vinstri stjórn setið frá 1988 - 1991. Viljum við þetta aftur? Ég segi nei fyrir hönd barnabarna minna.

Í ljósi þessa þá skil ég alls ekki þá umræðu sumra stjórnámálanna að nú sé nauðsynlegt og meira að segja hollt lýðræðinu að koma Sjálfstæðisflokknum frá völdum. Þvílíkur málf lutningur! Mér finnst þetta satt besta að segja álíka skynsamlegt eins og ef stjórn knattspyrnudeildar FH ræki þjálfarann Ólaf Jóh. af því að hann hefur gert FH að Íslandsmeisturum í knattspyrnu tvö ár í röð eða annað dæmi að góður læknir á heilsugæslunni í Mosfellsbæ væri látinn taka pokann sinn bara af því að honum hefur tekist svo vel að lækna sjúklinga sína. Þetta er náttúrulega glóruslaus málf lutningur og á vonandi á ekki hljómgrunn meðal þjóðarinnar.

En þó margt hafi verið gert vel þá má gera enn betur. Við sjálfstæðismenn ætlum að halda áfram á þeirri braut sem þegar hefur verið mörkuð vegna þess að við vitum að traust efnahagsstjórn og verðmætasköpun er undirstaða velferðar. Við viljum halda áfram að lækka skatta á einstaklinga og fyrirtæki og við ætlum að afnema stimpilgjöld sem við teljum úrelta gjalddöku. En við ætlum einnig að hækka grunnlífeyrinn, draga verulega úr skerðingum og einfalda allt almannatryggingakerfið.

Enn eitt sem skiptir máli og er í anda sjálfstæðisstefnunnar, við viljum koma þannig til móts við eldri borgara að þjónustan miðist við þarfir og væntingar einstaklingsins en ekki hópsins og við viljum auka valfrlsi í allri þjónustu við eldri borgara. Ég vil að foreldrar mínir hafi slíkt val.

Síðast en ekki síst þá munum við halda áfram að byggja upp menntakerfið sem er öflugasta tækið til að stuðla að jöfnum tækifærum og tryggja að enginn dragist aftur úr.

Gríðarlegar breytingar hafa orðið í menntamálum þjóðarinnar undanfarin ár á öllum stigum skólakerfisins og aldrei hafa jafnmargir setið á skólabeck í framhalds- og háskólum. Síðasta haust voru ald og 14.129 nemendur skráðir í framhalds- eða háskóla en árið 1990 voru 22.473 við nám á þessum skólastigum. Fjölgunin á þessum tíma er mun meiri en fólksfjöldaþróun í landinu og lýsir betur en mörg orð þeirri menntasókn sem orðið hefur undanfarin 16 ár og engin þjóð innan OECD ver herra hlutfalli landsframleiðslu sinnar til menntamála.

Gott menntakerfi tryggir og er lyk-ill að því að hvorki uppruni, staða né efnahagur fólks hafi áhrif á möguleika þess til að nýta hæfileika sína.

Ég óska þess að barnabörnin mín hafi slík tækifæri til náms og sú ósk verður best tryggð með öruggri forystu Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn næstu ára.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir

Öldungar ergjast

Tveir höfðingjar, Oddgeir garðyrkjustjóri og Ólafur formaður VG, eru með flest á hornum sér gagnvart Varmársamtökunum í síðasta Mosfellingi. Af þessum mönnum hef ég átt góð kynni og Varmársamtökin hafa ekki sýnt þeim annað en virðingu. Þetta eru miklir reynsluboltar og því er oftast ástæða til að hlusta á þessa menn. Þessi skrif þeirra eru þó í verri kantinum og full af dómhörku. Þeim er ætlað það hlutverk að



rýra trúverðuleika Varmársamtakanna, sem eru opin íbúa- og umhverfissamtök. Jafnframt hvet ég fólk til að kynna sér, án aðstoðar, hugmyndir Varmársamtakanna um „Varmárdal“ sem væri útivistar- og verndarsvæði Mosfellsbæjar, frá ösum upp fyrir Reykjalund. Samtökin hafa náð miklum árangri í starfi sínu og hlotið athygli og aðdáun um land allt. Hinsvegar er nú stíft sótt að samtökunum á heimavelli og því þurfum við stuð-

ing þinn í að standa vörð um það grunnildi flestra íbúa bæjarins að við getum áfram notið góðra tengsla við náttúruna. Sagt er að menn verði ergilegir með aldrinum („grumpy old men“) en ég trúi því ekki að það þurfi að vera lögmál og þessir heiðursmenn geti komið og verið þátttakendur í fjölbreyttu og uppbyggilegu starfi Varmársamtakanna.

Gunnlaugur B. Ólafsson
varaformaður Varmársamtakanna

VERNDUM LANDIÐ

FELLUM RÍKISSTJÓRNINA!

www.vg.is

ALLT ANNÐ LÍF!
– með vinstri grænum



GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR,
skípar 2. Sæti í SUÐVESTURKJÖRDÆMI



Kjördagur í Mosfellsbæ

Kosningakaffi í Hlégarði - Opið frá kl 9.00 fh. til kl 18.00
ALLIR HJARTANLEGA VELKOMNIR

Kosningavaka í Hlégarði - Opið frá kl 21.00
Hljómur sér um fjörið

Boðið verður upp á akstur á kjördag
Upplýsingar í síma 566-7755

Stjórn Sjálfstæðisfélags Mosfellinga

Nýja bílasmiðjan hf
Flugumýri 20
S: 566-8200
Fax: 566-8201
nybil@centrum.is
Eldklár í þrjátíu og þrjú ár!

Óskum eftir að ráða starfskraft
til að sjá um hádegismat fyrir starfsmenn Nýju
bílasmiðjunnar hf. fimm daga vikunnar
Góð aðstaða
Áhugasamir sendið fyrirspurn á nybil@centrum.is
eða hafið samband í síma: 897-6785

NÝJA
BÍLASMIÐJAN HF



5.233 á kjörskrá

Mosfellingar sem hafa kosningarrétt eru 5.233 samkvæmt þjóðskrá. Á kjörskránni eru karlmenn 2.621 og kvenmenn 2.612. Það er von að sem flestir nýti sér kosningarrétt sinn og skili inn sínu atkvæði á kosningadag.

Kosið er í Lágafellsskóla frá kl. 9-22 laugardaginn 12. maí.



Álafossbúðin öllum opin

Samkvæmt Guðmundi A. Jónssyni eiganda Álafoss búðarinnar, hefur sá orðrómur komist af stað um að búðin sé að leggja upp laupana. Það á ekki við nein rök að styðjast, segir Guðmundur, búðin sé enn opin og allir Mosfellingar, sem og aðrir landsmenn eru þangað ávallt velkomnir. Guðmundur hvetur fólk til þess að kíkja í heimsókn í Kvosina, njóta umhverfisins og stoppa við í Álafossbúðinni.

Breytum til í vor

Ágæti kjósandi.

Ég heiti Kolbrún Stefánsdóttir og býð mig fram í fyrsta sæti fyrir Frjálslynda flokkinn í Kraganum í komandi alþingiskosningum í vor.

Ég hef mikla reynslu úr viðskiptalífinu og starfaði í 25 ár sem útibússtjóri hjá Landsbanka Íslands víða um land. Ég hef um langt árabíl hlustað á fólk lýsa sínum kjörum og sem útibússtjóri reynt að finna leiðir fyrir það til að halda sínum frjámálum á réttum kili.

Það hefur ekki verið auðvelt fyrir alla að fóta sig í því fjármálaumhverfi sem við búum við þó svo að nánast



við öll getum fengið lán og margir allt upp í 100% af verði þeirrar fasteignar sem okkur langar til að kaupa.

Mörg dæmi hafa verið birt um það hversu margar milljónir fólk borgar fyrir lánin í vexti og verðbætur að lokum og má segja að margir séu komnir í ánaud og algerlega háðir bönkunum það sem eftir er.

Víst er að venjulegt launafólk losnar aldrei við sín lán meðan þenslan og verðbólgan heldur áfram og hækkar lánin, sama hvernig borgað er af þeim. Mjög fáir geta gert eins og sýnt er í auglýsingum sparisjóðanna þessa dagana

þ.e. gefið þjónustufulltrúanum sínum langt nef, staðið upp og farið.

Gætir þú það lesandi góður? Athugaðu málin, spáðu í stöðuna þína.

Telur þú að ríkisstjórnin sem við höfum haft yfir okkur síðustu árin sé sú besta sem völ er á?

Teljir þú að svo sé ertu líklega frjálsmaður og skuldlaus, annars þarftu að leita nýrra leiða fyrir þig og þá sem þér eru kærir og kjósa nýtt blóð í forystuna.

Gríptu tækifærið

Kjöstu x-f þú sérð ekki eftir því.

Kolbrún skipar 1. sæti í Kraganum fyrir Frjálslynda flokkinn

Byggjum á árangri

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í ríkisstjórn samfellt síðastliðin sextán ár og leitar nú eftir umboði þjóðarinnar til áframhaldandi stjórnarsetu.

Andstæðingar flokksins telja nóg komið og reyna að sannfæra kjósendur um það sjónarmið. Þeir halda því á lofti að tími sé kominn á breytingar í íslenskum stjórnmálum og að nú þurfi að hleypa öðrum að.

Ég vil leyfa mér að halda því fram að slíkur málflutningur sé ekki bara rangur, heldur einnig stór varasamur. Það á nefnilega alls ekki að breyta bara breytinganna vegna.

Land tækifæranna

Krafa um breytingar væri eðlileg ef lítið hefði áunnist á síðustu árum og framþróun í þjóðfélaginu hefði



ekki orðið. Á sextán ára valdatíma Sjálfstæðisflokksins hefur íslenskt þjóðfélag gengið í gegnum eitt mesta hagvaxtarskeið Íslandssögunnar.

Stórkostlegar breytingar hafa orðið bæði á efnahags- og athafnalífi fyrir tilstuðlan hinnar gömlu sigildu sjálfstæðisstefnu. Skattar hafa verið lækkaðir bæði á fjölskyldur og fyrirtæki þannig að drifkraftur einstaklingsins fær nú að njóta sín sem aldrei fyrr. Skuldir ríkissjóðs eru hverfandi þannig að þúsundum milljóna sem áður var varið í vaxtagjöld af erlendum lánum er nú varið til velferðarmála af ýmsu tagi. Opinber framlög til mennta-, heilbrigðis- og velferðarmála hafa verið stóraukin á síðustu árum, svo og framlög til samgöngumála.

Sem dæmi má nefna að ákveðið hefur verið að verja 38 milljörðum króna til vegamála á höfuðborgarsvæðinu næstu fjögur árin. Hagur heimilanna í landinu hefur aukist um 75% síðan 1994 og atvinnuleysi sem áður var mikið vandamál er nú svo að segja óþekkt. „Ísland er orðið það sem við sjálfstæðismenn lofuðum – land tækifæranna“, eins og formaður flokksins orðaði það í ræðu sinni á landsfundi í síðasta mánuði.

Höldum ótrauð áfram

Verkefninu er hins vegar aldrei lokið og við sjálfstæðismenn ætlum að halda ótrauð áfram á sömu braut. Einungis með því að tryggja fyrirtækjunum í landinu áfram góðan rekstrargrunn og gefa gaum að verðmætasköpuninni í þjóðfélaginu munum við geta haldið áfram að styrkja það góða velferðarkerfi sem

við höfum byggt upp.

Við munum á næsta kjörtímabili leggja sérstaka áherslu á að bæta kjör eldri borgara og höfum lagt fram skýrar tillögur í þeim málaflokki. Við munum halda áfram að lækka tekjuskatt einstaklinga og hækka persónuafslátt, og við munum beita okkur fyrir afnámi stimpilgjaldsins sem við teljum vera úrelta gjaldtöku.

Við munum áfram beita okkur fyrir greiðari samgöngum og leggja áherslu á nútímalegar lausnir hér á þéttbýlissvæðum í kjördæminu.

Kraftur eða kyrrstaða?

„En er ekki nóg komið eftir sextán ár?“, spyrja andstæðingarnir.

Nei, því fer fjarri. Sjálfstæðisflokkurinn og þingmannahópur flokksins er nefnilega í sífelliðri endurnýjun. Við erum með nýja glæsilega forystu í Sjálfstæðisflokknum, þau Geir H. Haarde og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, sem samstillt leiða nú flokkinn í þeirra fyrstu kosningum.

Í kjördæminu okkar, Suðvesturkjördæmi, er mikil endurnýjun fyrirsjáanleg. Samanlögð þingreynsla frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins er 12 ár, átta ár Þorgerðar Katrínar, oddvita okkar, og fjögur ár Bjarna Benediktssonar sem skipar annað sætið á listanum.

Við stefnum ótrauð að því að ná sex þingmönnum inn í vor sem þýðir fjórir nýir kraftmiklir einstaklingar á þing. Hínir flokkarnir, sem segja að breytinga sé þörf, standa hins vegar aðeins fyrir kyrrstöðu.

*Ragnheiður Elin Árnadóttir
aðstoðarmaður forsætisráðherra og
frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins
í SV-kjördæmi*

VORTÓNLEIKAR REYKJALUNDARKÓRSINS



Fimmtudaginn 17. maí, uppstigningardag
kl. 17 í Laugarneskirkju

Stjórnandi er Íris Erlingsdóttir
Einsöguvari: Guðbjörg Björnsson
Fjölbreytt efnisskrá

MOSFELLINGUR

KEMUR NÆST ÚT 1. JÚNÍ

www.helgafell.is

Sérbylishúsalóðir í suðurhlíðum Helgafells

Sala er hafin á sérbylishúsalóðum í suðurhlíðum Helgafells í Mosfellsbæ.

Í boði eru stórar lóðir í fallegu og vel skipulögðu hverfi.



Nánari upplýsingar hjá fasteignasölnunni Mikluborg og Helgafellsbyggingum.



FASTEIGNASALAN
MIKLABORG
Sí um li 13 - 108 Reykjavík s mi 569 7000 fax 569 7001
www.miklaborg.is

Helgafellsbyggingar ehf.
Völuteig 8
270 Mosfellsbæ
Sími 575 6800 / 840 6801
hannes@helgafell.is



HELGAFELL
Athyglisverður staður

Tryggjum að Ísland verði áfram land tækifæra

Íslenskt þjóðfélag hefur aldrei staðið betur. Og það eru ótrúleg tækifæri framundan fyrir okkur Íslendinga. Tækifæri sem munu tryggja hér stórbætt lífskjör og framfarir um ókomna tíð. Þau gætu hins vegar einnig horfið sem dögg fyrir sólu ef við sofnum á verðinum.

Það er ekki tilviljun að íslenskt þjóðfélag stendur jafnvel og raun ber vitni. Það er ávöxtur þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið við landsstjórnina á undanföllum árum undir forystu Sjálfstæðisflokksins. Aldrei hafa skattar verið lækkaðir jafnmikið á jafnt einstaklinga sem fyrirtæki á sama tíma og við höfum aldrei varið meira til velferðarmála, heilbrigðismála, menntamála eða samgöngumála.

Við däumst af því afli sem býr í íslenskum fyrirtækjum, atvinnulífinu sem er undirstaða þess að hér séu góð lífskjör, full atvinna og öflugt velferðarkerfi. Þeir kraftar sem hafa verið leystir úr læðingi með stjórn-



arstefnu síðustu ára, auknu frelsi, einkavæðingu og hagnafellu rekstrarumhverfi dyljast engum.

Hver hefði trúað því fyrir örfáum árum að íslensk fyrirtæki ættu eftir að hasla sér völl um allan heim líkt og raun ber vitni. Að íslensk fjármálafyrirtæki, verslunarfyrirtæki, lyfjafyrirtæki, framleiðslufyrirtæki og sjávarútvegsfyrirtæki yrðu í hópi leiðandi fyrirtækja Evrópu og í sumum tilvikum heimsins á sínu sviði?

Ein af meginforsendum þeirra framfara sem hér hafa átt sér stað og eiga eftir að verða er hið öfluga menntakerfi sem við höfum haft gæfu til að byggja upp.

Áfram menntasókn

Við verjum herra hlutfalli af okkar þjóðarframleiðslu til menntamála en nokkurt annað ríki OECD. Með því erum við að fjárfesta í þekkingu - við erum að fjárfesta í framtíðinni.

Á næstu árum verðum við annars vegar að halda áfram að styrkja

íslenska menntakerfið með áherslu á fjölbreytni, sveigjanleika og gæði og hins vegar að tryggja að hér haldi áfram að byggjast upp þjóðfélag sem byggir á þekkingarsókn og býður upp á spennandi tækifæri fyrir okkar góða hæfileikafólki.

Undirbúningur að stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ er kominn vel á veg og er nú unnið að þarfa greiningu fyrir skólann og áætlun um uppbyggingu hans. Er stefnt að því að hann eigi að geta tekið til starfa haustið 2009.

Ólíkt flestum öðrum Evrópuríkjum höfum við ekki þurft að horfa á bak okkar best menntaða og hæfileikaríkasta fólki til annarra landa. Ef hér tekur við vinstristjórn sem ræðst til atlögu gegn tækni, frelsi og framförum kynni það að breytast hraðar en margan grunar. Sagan kennir okkur þetta.

Það yrði skelfileg blóðtaka fyrir íslenskt atvinnulíf og íslenskt samfélag.

Við eigum í harðri samkeppni við önnur ríki um besta fólkið, í þeirri samkeppni næst ekki sigur með úrtölum,

neikvæðni og andstöðu við framfarir heldur djörfung, framsýni og áframhaldandi uppbyggingu tækifæra.

Tryggjum þingmann Mosfellinga

Við sjálfstæðismenn teflum fram öflugum hópi liðsmanna jafnt hér í Suðvesturkjördæmi sem og á landsvísu. Í þeim hópi er Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri, eini Mosfellingurinn í framboði sem við getum tryggt þingsæti með atkvæði okkar.

Við höfum svo sannarlega enn verk að vinna. Tryggjum áframhaldandi lífskjarasókn og velferð. Vökn-um ekki upp við vinstristjórn á sunnudaginn. Öflugur Sjálfstæðisflokkur og góður kosningasigur hans 12. maí næstkamandi er eina tryggingin fyrir því að hér verði við völd frjálslynd- um-bótastjórn á næstu árum sem mun bæði nýta tækifærin og fjölga þeim.

Stjórn sem mun tryggja að það verði enn betra, enn skemmtilegra og enn eftirsóknarverðara að búa á Íslandi.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Samráð og sátt er lykilatriði

Starfshættir stjórnvalda hverju sinni geta valdið því að ríkur samhugur myndast um langflest verkefni. Vegna reynslu minnar úr sveitarstjórnarmálum vil ég upplýsa um það sem gerst hefur í Hafnarfirði á undanföllum árum. Þegar litíð er yfir farinn veg er það vissulega sá stjórnunarstíll sem Samfylkingin bодаði og bauð bæjarbúum upp á í aðdraganda sveitarstjórnakosninganna 2002 m.a. með ákvörðun um aukid íbúalýðræði sem skapað hefur samhjórninn. Það var lögd rík áhersla á að byggja ákvörðunartöku á virkri samræðu, jafnt kjörinna fulltrúa sem annarra bæjarbúa.

Kostir samræðu í skipulags- og byggingamálum voru m.a. taldir afar mikilvægir og þannig var lagt upp með nokkuð ólíka aðferðafræði en sveitarfélög höfðu áður tíðkað.



Samræðustjórnarmál þurfa ekki endilega að þýða það að markmiðið sé að allir verði sammála að lokum. Heldur miklu frekar hitt að sjónarmið ólíkra flokka fái að koma fram, jafnt sem sjónarmið hagsmunaaðila, en ekki hvað síst sjónarmið bæjarbúa. Umræðan skilar okkarsíðan á leiðarenda. Oft á tíðum getur verið um að ræða þverpólítísk sjónarmið og þess vegna mikilvægt að sá sem leiðir og stjórnar geti náð lausn með ólíkum hópum sem hægt er að ganga fram með til heilla fyrir samfélagið. Hægt væri að nefna fjölmörg verkefni sem þannig hafa verið til lykta leidd. Þörfin hefur sannarlega verið fyrir hendi og íbúar fagna þessari aðferðafræði.

Þessari aðferðafræði náðum við sameiginlega að hrinda í fram-

kvæmd og nú er svo komið að sveitarfélög víða um landið leita til Hafnarfjarðar eftir leiðbeiningum í þessa veru. Mörg erfið skipulagsmál hafa verið leyst með virku samráði við íbúa og þátttöku þeirra. Hafnarfjörður hefur verið leiðandi á þessu sviði og helstu fjölmiðlar landsins hafa lofað þá aðferðafræði sem lagt hefur verið upp með, vinnulag bæjarfulltrúa og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Gagnrýni einstakravaldestjórnarmálanna hefur verið vísað á bug. Það er tímabært að nútímastjórnarmál séu innleidd með jafn skýrum hætti í landsstjórnina hér á landi.

Sláum nýjan tón í landstjórninni

Samfylkingin leggur sig jafnan fram um að vera í takt við landsmenn. Um leið og lögd er áhersla á að auka gildi vídtækrar þátttöku íbúa, ungra sem aldraðra, í þeirri þjónustu sem í boði er vil ég nefna

verkefnið um verulegar niðurgreiðslur á kostnaði íþróttar- og æskulýðsstarfs barna- og unglinga, sem var nýjung hér á landi 2002 þegar það var tekið upp í Hafnarfirði. Þá voru aðrir stjórnarmálaflokkar efns og höfnuðu aðferðinni, en nú hafa önnur sveitarfélögin fylgt í kjölfarið. Á sama hátt munu önnur sveitarfélög fylgja forðæmi Hafnarfjarðar varðandi Fríkort eldri borgara sem tekið var upp nú í vetur. Efnahagslegar og félagslegar aðstæður mega aldrei koma í veg fyrir að allir geti verið með.

Mikilvægt er að málefnið beri ekki verkefnið ofurliði. Það að geta náð sátt um málefni milli ólíkra aðila, ólíkra stjórnarmálaflokka, kemur oftan en ekki fleiri verkefnum í framkvæmd en ella. Án framkvæmda verða málefnið orðin tóm. Það er mikilvægt, hér eftir sem hingað til, að þær áherslur og vinnulag sem Samfylkingin boðar um virkt samráð hljóti áfram ríkan hljómgrunn, þannig skilum við samfélaginu okkar bjartari framtíð. Stuðningur við Samfylkinguna í kosningum 12. maí mun gefa okkur öllum tækifæri til að slá nýjan tón í landsstjórninni á komandi kjörtímabili, tón sem er jafn og frjál og laus við viðjar valdestjórnarmálanna. Þá verða allir með!

Gunnar Svavarsson er oddviti Samfylkingarinnar í suðvesturkjördæmi og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.

Dreymir þig um eigið húsnaði?

— hafðu samband —

Einar Páll Kjærnested • Löggiltur fasteignasali

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: 586 8080

www.fastmos.is

Þverholti 2 • Mosfellsbæ

Mosfelling á þing!



SJÁLFSTÆDISFLOKKURINN
Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

Kæri Mosfellingur

Á laugardaginn kemur fara fram kosningar til Alþingis. Með því að greiða Sjálfstæðisflokknum atkvæði þitt, aukast verulega líkurnar á því að rödd Mosfellinga fái að heyrast á Alþingi á komandi kjörtímabili.

Þessi atriði skipta mig máli:

- að færa öldrunarmálin frá ríki til sveitarfélaga
- að hækka grunnlífeyri og minnka skerðingar
- að lækka skatta og afnema stimpilgjald
- að efla menntun og auka vægi starfsnáms
- að bæta samgöngur á höfuðborgarsvæðinu
- að vernda landið og náttúru þess

Ragnheiður Ríkharðsdóttir





Opnunartími Sorpu ekki virtur

Starfmönnum endurvinnslu-
stöðvar Sorpu í Blíðubakka brá í
brún þegar þeir mættu til vinnu
2. maí. Stöðin var lokað þann 1.
maí og svo virðist sem ófáir Mos-
fellingar hafi notað frídaginn til
þess að byrja vorhreingerningar
í hífýlum sínum. Margar kerrur
stöðu fyrir utan stöðina, fullar
af drasli. Þetta ekki einsdæmi
því starfsmennirnir hafa lent í
þessu áður. Mosfellingar eru því
vinsamlegast beðnir að virða
opnunartíma stöðvarinnar og
nýta sér hann.

Formaður atvinnu- og ferðamálanefndar

Karl Tómasson forseti
bæjarstjórnar hefur tekið við
embætti formans atvinnu- og
ferðamálanefndar.

Atvinnu-
og ferðamál
voru áberandi
í stefnuskrá
Vinstri grænna
í Mosfellsbæ
fyrir síðustu
sveitarstjórnar-
kosningar og
sagði Karl þennan málaflokk í
málefnasamningi meirihlutans í
Mosfellsbæ vega þungt á næstu
misserum. Hann sagði fullan vilja
hjá báðum flokkum til að gera sitt
besta til að hefja stórsókn í þes-
sum málaflokki hjá bæjarfélag-
inu. Birgir Haraldsson fráfarandi
formaður lætur að störfum
sökum anna.



Engar gönguleiðir að Mosanum

Aðgengi að hinu nýja verslun-
arhúsi, Mosanum, virðist vera
ábótavant fyrir göngufólk.
Hvorki leiðir né göngubrautir
eru að húsinu og umferðin
verður sífellt þyngri og þyngri á
þessu svæði.

Vorgleði Aftureldingar haldin í Hlégarði

Stemmningin frábær



Vorgleði knattspyrnudeildar
Aftureldingar var haldin í Hlégarði
þann 28. apríl. Dýrindismatur var
borinn fram að hætti Vignis og
eftir kræsingarnar var haldin glæs-
ileg söngskemmtun. Meðal þeirra
sem tóku lagið voru leikmenn
meistaraflokks, stjórnarmenn,
dúettinn GÍs og frambjóðendur.
Eftir sönginn tók hljómsveitin Brak
við og hélt mannskapnum á tánum
fram eftir nóttu.



Hinir efnilegu, Stebbi og Helgi.



Dúettinn GÍs sem hefur gert allt vitlaust í
X-factor tók lagið.



Samfylkingin söng frumsaminn texta við
sigilt lag þeirra Simon og Garfunkel.



Aðalstjórn Aftureldingar sýndu að
þeim er margt til lista lagt.



Valgeir Guðjóns fór fyrir lagvissa
Sjálfstæðissönghópnum.



Siggeir og Steinarr tóku lagið Barfly
og lýðurinn trylltist.



Valdimar Leó söng lagið Traustur vinur
og þakið ætlaði að rifna af húsinu.



Joffi og Sævar tilbúnir í slaginn
fyrir sumarið.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fréttir liðandi
stundar úr dagbók
lögreglunnar



TÍMABÍL 24. APRÍL - 7. MAÍ

Tryggingar og skoðun

Frá síðasta yfirliti hafa
44 eigendur verið boðaðir með
bifreið sína til skoðunar og er
yfirlitt veittur viku frestur. Eftir
það lenda menn í hremmingum
og númerin hverfa. Því miður þá
er það svo að það hefur gerst í
talsverðu mæli að númer hafa
verið tekin af ökutækjum. Þetta
er að mati lögreglunnar algjör
óþarfi því eins og áður hefur verið
sagt er alltaf hægt að fá einhvern
frest til lagfæringar, og einnig
veit ég að tryggingafélögin vilja
mikið frekar semja við eigendur
ökutækjanna heldur en að lögreglan
klippi númerin af. Það er langur
vegur frá því að þetta sé eitthvert
skemmtiverk hjá lögreglunni þetta
einfaldlega ber henni að gera.
TÖKUM OKKUR NÚ TAK
OG REDDUM ÞESSUM
ÓFREMDARMÁLUM.

Akstur vélhjóla

Það verður að segjast eins og
er að almennt er mjög gott ástand
hér í Mosfellsbæ, ef undan er skilið
þetta kæruleysi með skoðun og
iðgjöld ökutækjanna. Þó er einn
stór ljóður á því, ekki er allt algott,
en það er akstur vélhjóla. Þessum
tækjum er þeytt um húsagötur og
gangstíga öllum sem um fara til
mikillar hættu og ama. Lögreglan
telur að það sé kominn tími á það
að vélhjólamenn átti sig á þeirri
stöðu sem þeir eru í ef þeir valda
tjóni svo ekki sé talað um slysi
akandi á ötryggðum og óskoðuðum
vélhjólum sem þeir svo kannski
hafa ekki réttindi á. Foreldrar
sem hafa grun um að barn þeirra
stundi svona akstur ættu að taka til
hendinni og skýra alvarleikann út
fyrir börnum sínum. Eitt enn sem færast sífellt í aukana
er akstur á þessum tækjum um og
við reiðstíga sem er alveg skelfilegt
athæfi. Hestar fælast og þeir sem
þá sitja, misvanir, geta fallið af baki
og slasast, en við slíkt fall hefur því
miður hlotist bani. Hugsum áður en
hörmunar hljófast. Lögreglan vill og taka það fram
að það er fjöldi vélhjólamanna eru
með allt sitt á hreinu bæði réttindi,
skoðun og tryggingar og vel
meðvitaðir um umhverfi sitt. Þetta
eru menn sem eru til fyrirmyndar
og eiga ekki skilið að falla undir
þessi neikvæðu skrif. Varðandi hraða ökutækja hér, ætla
ég að hvíla lesendur á þeim kafla
núna.

Með ósk um gleðilegt sumar
Lögreglan í Mosfellsbæ

600 kr. styrkur til þróunarstarfs

Menntamálaráðherra í Lágafellsskóla



Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Ragnheiður Ríkhærðsdóttir bæjarstjóri í Mosfellsbæ, ásamt fríðu föruneyti, komu í heimsókn í Lágafellsskóla nú fyrir skemmstu. Nemendur, kennarar og stjórnendur tóku á móti gestunum.

Þeir hlýddu á tónlistaratriði nemenda í tónmenntastofu, fóru í dansstíma, fengu vöflur með ís í heimilisfræðistofu og fengu ánægjulegar móttökur á göngum skólans sem og í þeim stofum sem heimsóttar voru. Menntamálaráðherra kom færandi hendi og afhenti skólanum skjal sem staðfesti að skólinn hefði hlotið 600 þúsund króna styrk til þróunarstarfs. Skólinn er að vinna stórt þróunarverkefni í tengslum við byggingu þriðja áfanga skólahúsnæðisins þar

sem nú í haust hefst sú nýbreytni að í skólanum verður leikskóladeild fyrir 5 ára nemendur. Nýja húsnæðið mun hýsa yngstu börn skólans, 5, 6 og 7 ára nemendur í leikskóladeild, 1. og 2. bekk ásamt tómstundaseli. Meginmarkmið þróunarverkefnisins sem nefnist *Nám er leikur - leikur er nám* er að nám barnanna verði á forsendum leiksins með viðfangsefnin þroski, samskipti, náms- og félagsfærni nemenda í fyrirrúmi og að námið verði samfellt frá fimm ára aldri þannig að engin raunveruleg skil verði milli skólastiga. Í nýja húsnæðinu gefst tækifæri á að skapa skilyrði fyrir samkennslu yngstu árganganna að einhverju leyti.

E.J.



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Tilkynning frá yfirkjörstjórn

Auglýsing um kjörstað og aðsetur
yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar.

Kjörstaður vegna alþingiskosninganna sem fram fara þann 12. maí 2007 er í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð og stendur kjörfundur frá kl. 09-22.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag þann
12. maí 2007 verður á sama stað.

Mosfellsbæ 27. apríl 2007.
Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar
Þorbjörn Inga Jónsdóttir formaður
Haraldur Sigurðsson
Valur Oddsson



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2007

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir ábendingu um bæjarlistamann Mosfellsbæjar, 2007. Bæjarlistamanni er jafnframt veittur menningarstyrkur og verður útnefning tilkynnt við þjóðhátíðarhöldin í Mosfellsbæ 17. júní í ár.

Nefndin óskar hér með eftir tilnefningum eða ábendingum frá Mosfelllingum um einstakling eða samtök listamanna í Mosfellsbæ, sem til greina koma að bera sæmdarheitið bæjarlistamaður ársins 2007.

Einingis einstaklingar, sem búsettir eru í Mosfellsbæ og hópar og samtök, sem starfa í bæjarfélaginu koma til greina. Þá setur menningarmálanefnd það einnig sem skilyrði að tilnefndir einstaklingar eða hópar hafi verið virkir í listgrein sinni.

Eftirtaldir aðilar hafa hlotið sæmdarheitið bæjarlistamenn Mosfellsbæjar: Skólahljómsveit Mosfellsbæjar (1995), Leikfélag Mosfellsveitar (1996), Inga Elín, myndlistarmaður (1997), Sigrún Hjálmtýsdóttir, söngkona (1998), Sigurður Þórólfsson, silfursmiður (1999), Karlakórinn Stefni (2000), hljómsveitin Sigur Rós (2001), Anna Guðný Guðmundsdóttir, pianóleikari (2002), Steinunn Marteinsdóttir, myndlistarmaður (2003), Guðrún Tómasdóttir, söngkona og Frank Ponzi, bóka- og myndlistarmaður (2004), Símon H. Ívarsson, gítarleikari (2005). Núverandi bæjarlistamaður er Jóhann Hjálmarsson, rithöfundur.

Ábendingar þurfa að hafa borist Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar í síðasta lagi 24. maí 2007 og skulu sendast á: Fræðslu- og menningarsvið Bæjarskrifstofum Mosfellsbæjar, Kjarna, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ eða með tölvupósti á bth@mos.is

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar

SUMARNÁMSKEIÐ MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK Á KÖRPUÐSSTÖÐUM



Fjölbreytt námskeið fyrir börn og unglinga hefst 11. júní.

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Hringbraut 121 - 107 Reykjavík - sími: 55110990

Skráning er hafin á skrifstofu skólans í síma 5511990 frá klukkan 13-17 alla virka daga. Einnig er hægt að skrá sig á

www.myndlistaskolinn.is



Fjölskyldu-skemmtun að Varmá

Á morgun, 12. maí er fjölskylduskemmtun að Varmá. Fyrir skemmtuninni standa drengirnir í 4. flokk karla í handbolta. Þeir eru á leið til Svíþjóðar og halda því þessa skemmtun til þess að fjármagna ferðina. Mikið verður um að vera og má þar nefna skotkeppni og fimleikasýningu. Aðgangur er ókeypis og skemmtunin byrjar kl. 13.30.

Styrkur til UMFA

Bæjarstjórn hefur ákveðið að gefa handknattleiksdeild Aftureldingar styrk upp á 400 þúsund krónur vegna góðs gengis á Íslandsmeistaramótinu í veturnum. Peningarnir eiga eflast eftir að koma að góðum notum enda dýrt að halda uppi íþróttastarfi í dag.



Handverkssýning og sala á Skálatúni

Á morgun, 12. maí, verður opið hús hjá vinnustofum Skálatúns og Skjólí. Þar verða handverk starfsmanna sýnd og einnig til sölu. Á staðnum verða einnig kaffiveitingar og þá stendur til að kynna nýjungar í dagsþjónustunni. Opið verður frá kl. 11.00



Gleðistund í Lágafellskirkju

Sumarhátíð barnastarfs Lágafellskirkju verður haldin sunnudaginn 13. maí. Hátíðin byrjar kl. 11 í Lágafellskirkju þar sem farið verður í ýmsa leiki, sungið, sýnt leikrit og grillað. Allir eru velkomnir á hátíðina.

Hey þú!

Það er vor í lofti, það eru kosningar handan við hornið. Þá er tímabært að líta yfir farinn veg og hugleiða á hvaða siglingu þjóðarskút-an er. Hvernig hefur þú það í samfélaginu? Hvernig hafa þínir það? Hvað getur þú gert fyrir samfélagið og hvað getur samfélagið gert fyrir þig? Hvað hefur vel verið gert og hvað má gera betur?

Framsókn er miðjuflokkur sem hefur lagt aðaláhersluna á vinnuvöxt-velferð. Það hefur skilað þjóðinni atvinnu, miklum vexti og góðri velferðarþjónustu. Við viljum halda áfram á grænu ljósi og við eigum fullt erindi við þjóðina með hugsjón, hugmyndir og ný verkefni að leiðarljósi. Nú er tækifærið að halda þeirri góðu uppbyggingu á velferðarkerfinu áfram sem þegar hefur verið unnið að síðustu ár og meira fjárhagslegt svigrúm er til þess núna en nokkru sinni áður.

Ég hef starfað að málefnum fatlaðs fólks frá árinu 1999. Það er mín hugsjón í stjórn mála að leggja hönd á plóg við að byggja upp samfélag sem er betur sniðið að öllum sínum



þegnum. Samfélag fyrir alla er mitt hjartans mál. Allt það sem snýr að manneskjunni eru mín mál, málefni fatlaðs fólks, aldraðra, innflytjenda, barna, fjölskyldna, samkynhneigðra og annað sem snýr að manneskjunni í samfélaginu. Saman getum við byggt

upp samfélag sem gefur öllum tækifæri og nýtur góðra krafa hvers og eins. Það er mikilvægt að samfélagið sé aðgengilegt öllum sínum þegnum og þá má til dæmis nefna mannigert aðgengi eins og byggingar en einnig aðgengi að upplýsingum. Þetta er forsenda þátttöku í samfélaginu sem er afar mikilvæg. Þannig opnum við dyrnar að margbreytileikanum með ólíku fólki og ólíkri menningu.

Ég hef talsvert leitt hugann að því að undanförunni hversu mikil hlaup eru á okkur Íslendingum upp til hópa og tel mikilvægt fyrir fólk að líta til Norðurlandþjóðanna með það að skilja betur að vinnu og einkalíf. Það er mikilvægt að skila sínu starfi vel en leggja jafnframt áherslu á einkalíf og fjölskylduna. Þannig farnast okkur öllum betur. Við Framsóknarmenn höfum á stefnuskrá okkar að

lengja fæðingarorlof í 12 mánuði. Jú, það eru heilmiklir fjármunir sem fara í það en það er mjög góð fjárfesting. Með því erum við að fjárfesta í framtíðinni, í börnunum og einnig að gera fjölskyldum betur kleift að rækja sitt starf vel. Við þurfum að leggja áherslu á þessi mannlegu gildi. Okkur liggur oft svo mikið á að vinna fyrir þeim miklu efnislegu gæðum sem við sækjumst eftir að það sem mikilvægast er sem eru hin andlegu gæði lúta í lægra haldi. Það er mjög dýrmæt stund að fara niður á tjörn og horfa á svanina. Gæðastundir með börnum okkar og öldruðum foreldrum til dæmis eru stundir sem eru gulls ígildi. Sanna hamingju okkar og velferð sköpum við með því að hlúa að okkur, okkar fólki og samfélaginu í heild.

Kjósandi góður, ég hvet þig til að hugsa vel málið og hugleiða framtíð þína og þinna og merkja X við B laugardaginn 12. maí. Ég og aðrir framþjóðendur Framsóknar í Suðvesturkjördæmi erum tilbúin að vinna fyrir þig og leggja mikið á okkur til að byggja betra samfélag fyrir alla.

Kristbjörg Þórisdóttir. Höfundur skipar 4. sæti Framsóknar í SV-kjördæmi.

Dylgjur gagnvart íbúum

Fyrir um ári síðan tók ég þátt í undirbúningi að stofnun Varmársamtakanna og síðan þá hef ég oft orðið hissa á því hvaða aðferðum valdhafar hafa beitt til að komast hjá eðlilegri umræðu um skipulagsmál hér í bæ. Steininn tekur þó úr í síðasta Mosfellingi þar sem Varmársamtökin eru gagnrýnd harkalega annarsvegjar af embættismanni bæjarins, Oddgeiri Þór Árnasyni garðyrkjustjóra og hins vegar af Ólafi Gunnarssyni.

Ekki hafa bæjaryfirvöld né Vinstri grænir gert neina tilraun til samstarfs við Varmársamtökin, og reyndar hafnað henni í atkvæðagreiðslu, en kvarta þó yfir því að þeim hafi ekki verið kynnt nýjasta tillaga samtakanna áður en hún var kynnt á fundi þann 21. apríl. Ólafur segir í sinni grein: „Þessari hugmynd er ekki fyrst komið á formlegan hátt til bæjarstjórnar, heldur er farið beint í fjölmiðla, sem er í samræmi við fyrri vinnubrögð samtakanna.“ Við lestur þessarar setningar vögnuðu nokkrar spurningar í huga mér þar sem ég vissi að bæjarstjórn hafði nokkrum dögum áður afgreitt erindi samtakanna um samstarf með afgerandi neitun.

Hugmyndin var kynnt á opnu íbúáþingi. Af hverju er svona slæmt að varpa hugmyndum fram á íbúáþingi eða í fjölmiðlum? Hvað er almennt hættulegt við umræður borgaranna um umhverfi sitt? Ólafur telur tillöguna „algjörlega óraunhæfa, eins og tillöguna um að grafa sig undir Ásahverfið.“ Af hverju eru þessar leiðir óraunhæfari en sú leið sem á að þröngva upp á bæjarbúa með góðu eða illu? Hvar eru röklin fyrir því?

Næst vikur Ólafur að því að: „[f]orystu Varmársamtakanna virðist vera alveg sama um það hvort tillögur þeirra rýra lífsgæði margra Mosfellinga og kosta mörg hundruð milljónum meira“. Hvar eru þessir útreikningar? Er ein breytan í þeim að lífsgæði þeirra sem búa í og við Álafoskvos séu minna virði en þeirra sem búa í Áslandi til dæmis. Mér sýnist á mörgum ummælum yfirvalda í þessu máli að borgararnir séu flokkaðir á gildisskala. Mjög neðarlega á þeim skala eru íbúar í Álafoskvos, nýbúar (sem þó er keppst við að byggja yfir), fólk sem er „illa tengt“ innan bæjarins, að maður tali nú ekki um þá sem eru í öðrum stjórnmalaflokkum en yfirvöldin.

Næst nefnir Ólafur að samtökin samþykki veg yfir Álanes fyrir ofan Álafoss. Þar sem Ólafur er í skipulagsnefnd ætti honum að vera fullkunnugt um að þessi vegur er inni á skipulagi og það ekki að tillögu Varmársamtaka enda segir hann í næstu setningu að skipulagsmál séu „alfarið á hendi sveitarstjórna“. Þetta er reyndar ekki rétt. Liðkað hefur verið fyrir aðkomu íbúanna að skipulagsmálum í lögum á undanförunum árum í samræmi við Staðardagskrá 21, þar sem íbúalýðræði er gert hátt undir höfði.

Restin af greininni fer í tala um hversu tengd samtökin séu Samfylkingunni. Ég get bent Ólafi á að það eru einmitt flokkarnir á vinstri væng sem mest hafa barist fyrir auknu íbúalýðræði og umhverfisvernd, Vinstri græn og Samfylking, þannig að ekki ætti að koma á óvart að fólk af

vinstri væng taki þátt í slíku starfi.

Garðyrkjustjóri bæjarins skrifar líka grein til að hnykkja á skítlegu eðli okkar í Varmársamtökunum. Er þessi grein embættisverk? Allavega er kvittað fyrir hana með vinnutíli. Hann tekur undir með Ólafi um ábyrgð samtakanna á veltengingu yfir Varmá í Álanesi og svo fáum við það óþvegið: „Þetta eru engin umhverfissamtök, það eitt er víst. Mig setur hljóðan við að fylgjast með skrifum félaga í Varmársamtökunum. Rangfærslur, uppspuni, ofstæki og fleira litar þessi samtök“. Hvað er Oddgeir að tala um? Mér finnst eðlilegt að fá rök og dæmi til að styðja þessar alvarlegu ásakarnir frá embættismanni bæjarins. Honum ætti líka að vera kunnugt um að við Álanes á samkvæmt skipulagi að planta stórra settjörnn sem ekki er mjög umhverfisvæn. Og hvað finnst Oddgeiri um þverum Varmár og Köldukvíslar vegna tengibrautar í Leirvogshverfi um svæði sem er á náttúruminjaskrá?

Karl Tómasson hefur afsakað níð gagnvart samtökunum með því að hann hafi orðið fyrir ofsóknum og ónæði. Þar með er látið í veðri vaka að ofsóknirnar séu komnar frá Varmársamtökunum. Ef Karl hefur orðið fyrir ofsóknum er það miður og eitt-hvað sem hann hlýtur að taka á en þessar ofsóknir eru ekki komnar frá Varmársamtökunum og því í hæsta máta óeðlilegt að afsaka níð gagnvart samtökunum með tilvísun í ofsóknir. Vinsamlegast, herramenn, rökstyðji þessar alvarlegu ákúrir opinberlega.

Kristín I. Pálsdóttir íbúi í Reykjahverfi.



Árni Páll Arnason
4. sæti

Katrín Júlíusdóttir
2. sæti

Gunnar Svavarsson
1. sæti

Pórunn Sveinbjarnardóttir
3. sæti

Guðmundur Steingrímsson
5. sæti

Kjósum það besta fyrir börn og eldri borgara



Samfylkingin í suðvesturkjördæmi
Kynntu þér stefnuna á kraginn.is



Samfylkingin

Félagskort Aftureldingar

Félagskort Aftureldingar
Það stýttist í útgáfu félagskorta Aftureldingar. Kortin verða afsláttarkort hjá hinum ýmsu verslunum og þjónustuaðilum. Kort þessi eru mikilvæg fjáröflunarleið hjá Aftureldingu því að Landsbankinn styrkir félagið um ákveðna upphæð fyrir hvert útgefið kort. Innan tíðar verður hægt að sækja um félagsaðild og kortið á vef Aftureldingar, www.afturelding.is.



Afturelding skoraði að meðaltali 32 mörk í leik og fékk á sig 26,6 mörk að meðaltali í leik.

19 sigurleikir, eitt jafntefli og aðeins eitt tap á leiktíðinni.

Flestar brottvísanir:
Ásgeir Jónsson - 42 mínútur

Flest gul spjöld:
Magnús Einarsson - 13

Flest rauð spjöld:
Lárus G. Jónsson - 4

Markahæstur:
Hilmar Stefánsson - 117 mörk



Bingó hjá fimleikadeildinni

Fimleikadeild Aftureldingar heldur fjáröflunarbíngó á uppstigningardag 17. maí. Bingóið er liður í fjáröflun vegna ferðar til Danmerkur í sumar. Þar koma þær til með að dvelja í æfingabúðum í eina viku. Bingóið hefst kl. 14.00 í Lágafellsskóla og eru allir velkomnir.



Íslandsmeistari í spretthlaupi

Þórir Gunnarsson varð á dögunum Íslandsmeistari í 60 metra og 200 metra spretthlaupi á móti Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík. Mótið var haldið á hinum nýja innanhúsvelli í Laugardal. Þórir keppir fyrir hönd ÍFR en æfir hjá Ármanni/Fjölni. „Þar er lang skemmtilegasta fólkið og frábærir þjálfarar“, sagði Þórir. Framundan er stórt mót í júní og er Þórir nú þegar farinn að undirbúa sig. „Það er gaman að keppa úti og ég er tilbúinn því ég hleyp alltaf með sólgleraugu“, sagði Þórir og hló kátur.

Bjarki Sig og Guðmundur formaður í léttu spjalli um handboltann

Uppgjör tímabilsins

Nú er stórglæsilegri leiktíð Aftureldingar í handbolta lokið. Strákarnir koma til með að spila meðal þeirra bestu á næstu leiktíð og því spennandi tímar framundan. Mosfellingur tók viðtal við Bjarka Sigurðsson þjálfara fyrir mótið og sagði Bjarki þá að frumskilyrði væri að komast upp í DHL-deildina. Það hefur gengið eftir og hinir ungu drengir Aftureldingar hafa staðið sig frábærlega í vetur. Einhverjar brjeytingar koma til með að verða á leikmannahópnum fyrir næsta tímabil og tók Mosfellingur Bjarka og formann handknattleiksdeilda, Guðmund Pétursson, tali.

Ertu sáttur við tímabilið?

B.Sig.: Já, maður getur ekki verið annað en sáttur, vinna 1 deildina frekar létt. Eina sem ég hefði viljað sjá er að hafa ekki gert þetta eina jafntefli og tapað svo einum leik. Annars virkilega gott tímabil.

Hver kom þér mest á óvart í vetur?

B.Sig.: Fannst allir eiga sína upp og niður daga. Í heild sinni er ég sáttur við alla leikmenn.

Hver stóð sig best?

B.Sig.: Ekki hægt að taka út einhvern einn sérstakan, liðið var mjög jafnt...sést það líka best á því hversu jöfn markaskorun er yfir tímabilið. varnarlega voru allir að standa sig vel, auðvitað detta menn niður á lélegan leik en í heild sinnar allur mannskapurinn að standa sig.

Hver er stefnan á næsta tímabili?

G.P.: Hvað varðar meistaraflokk, þá er það markmiðið að verða fyrir ofan miðju. Og ef við skiptum tímabilinu í fyrir og eftir jól þá er markmiðið að ná því að vera meðal fjögurra efstu fyrir jól sem gefur okkur rétt á að taka þátt í deildarbikarmótinu sem fram fer á milli jóla og nýárs og markmiðið er að leika um úrslitasæti á því móti.

Í lok tímabils 2007-2008 þá er markmiðið að vera meðal 3. efstu liða í úrvalsdeildinni.

Verður Bjarki áfram þjálfari?

G.P.: Bjarki verður áfram með liðið og hann verður með liðið alla vega fram yfir 100 ára afmæli Aftureldingar sem verður árið 2009. Þá er markmiðið að við verðum á toppnum með meistaraflokk og markmiðið er að stefna á Íslandsmeistaratitil það ár.

Menn hafa verið að tala um að Gintaras verði aðstoðarþjálfari. Eitthvað til í því?

G.P.: Nei hann er samningsbundinn ÍBV og verður þar áfram.

Verða miklar manna-breytingar?

B.Sig.: Tel engar líkur á að menn séu að fara enda flest allir með samninga, hinsvegar er ljóst að við verðum að styrkja okkur.

G.P.: Við erum að leita að markmanni, vinstrihandamanni og skyttu. Það er ekkert í hendi ennþá en það skýrist fljótlega hvað verður.

Verður Haukur Sigurvinsson með Aftureldingu á komandi tímabili?

G.P.: Haukur kemur aftur í liðið og verður mikil stöð í varnarleik Aftureldingar á komandi tímabili.

Hvað þarf að gerast til þess að okkar menn verði samkeppnishæfir meðal þeirra bestu á næsta tímabili?

G.P.: Við eigum alveg frábæran efnivið. Það sem ber að gera er að leggja upp með markvissar og vandaðar æfingar. Þjálfun skiptir öllu máli. Það er líka mikilvægt að byggja liðið upp andlega og að allir sem einn hafi trú á því að ná góðum árangri. Við í stjórninni þurfum að vanda umgjörðina og vanda okkur við það að halda uppi metnaði og að vinna þannig að málum, að allir séu ánægðir og að öllum líði vel með okkur. Andlega hliðin er mjög mikilvæg, og ekki síður mikilvæg eins og líkamlegur styrkur. Þetta gleymist oft.

Kemur þú til með að spila næsta vetur?

B.Sig.: Nei, tel engar líkur vera svo á að ég geri það.

Eitthvað að lokum?

B.Sig.: Já ég vil hrósa liðinu fyrir góðan vetur og stjórninni fyrir frábært samstarf. Þá vil ég sjá fólk fjölmenna á völlinn næsta vetur því það er alltaf erfitt að koma upp um deild og ætla að sanna sig.

G.P.: Já það er þörf fyrir góðum stuðning og við vonum fólk styðji vel við strákana að Varmá í Framtíðinni.



2. flokkur karla átti frábært tímabil

Silfurhafar á Íslandsmeistaramótinu



Annar flokkur Aftureldingar í handbolta endaði tímabil sitt sem silfurhafar á Íslandsmeistaramótinu eftir úrslitaleik gegn Valsmönnum þann 1. maí. Leikurinn endaði

30-22 Valsmönnum í vil. Valsliðið er feykisterkt enda flestir byrjunarliðsmenn í meistaraflökki sem varð á dögnum Íslandsmeistari í DHL-deildinni. Afturelding endaði í 2.

sæti í riðli sínum í vetur og komst alla leið í úrslitaleikinn. Árangurinn er frábær hjá liðinu enda ungt að árum og framtíðin björt.

Tíu ára afmæli karatedeildarinnar var fagnað með glæstu keppnismóti

Sigursæl á heimavelli



Á þessu ári verður karatedeild Aftureldingar tíu ára gömul og af því tilefni var haldið afmælis-mót, Sambandsmót Kobe Osaka International. Mótið var haldið í Íþróttamiðstöðinni að Varmá laugardaginn 5. maí en þar kepptu auk Aftureldingar karatedeildir Víkings og Fjölnis. Hátt í 130 börn á öllum aldri tóku þátt í mótinu, sú yngsta 5 ára en þau elstu 15 ára.

Keppt var í kata þar sem keppendur sýna æfingar einir eða í hóp. Í einstaklings kata átti Afturelding þrjá gullverðlaunahafa: Telmu Rut

Frímannsdóttur, Kristján Helga Carasco, Evu Björg Guðlaugsdóttur og Ingimund Bj. Steingrímsson. Silfurverðlaun frá Aftureldingu hlutu: María Elísabet Reynisdóttir, Anna Rakel Pétursdóttir og Grétar Jónsson og bronsverðlaun hlaut Yrsa Björt Eggertsdóttir.

Í hópkata hlutu Einar Karl, Unnar Karl og Sigríður María gullverðlaun, og bronsverðlaun fengu tveir hópar, Bernhard Linn, Jón Magnús, Kristófer og Hlynur Logi, Guðmundur Árni og Yrsa Björt.

Í kumite barna 8 til 15 ára, þar

sem barist er í bardaga, átti Afturelding einnig góðu láni að fagna og vann fern gullverðlaun en þau hlutu Telma Rut, Kristján Helgi, Einar Karl og Sigríður María. Þrenn silfurverðlaun sem Eva Björg, Linda Katrín og Bernhard Linn hlutu og þrenn bronsverðlaun sem Þórunn Anna, Branddís og Rúnar Sindri hrepptu. Á slíkum mótum er einnig hefð fyrir að það lið sem á flesta sigurvera hljóti bikar til eignar og er skemmt frá því að segja að karatedeild Aftureldingar sigraði þann bikar með glæsibrag.

Meistarar Lengjubikarsins

Meistaraflakkar Aftureldingar í karlaknattspyrnunni sigraði Fjarðabyggð í úrslitaleik í B-deild Lengjubikarsins þann 4. maí. Leikurinn endaði 2-0 okkar mönnum í vil og þeir Gestur Ingi Harðarson og Þórarinn Máni Borgþórsson skoruðu mörkin. Nú stýttist óðum í fyrsta leik á Íslandsmeistaramótinu en sá leikur verður spilaður að Varmá þann 13. maí næstkomandi og mætir Afturelding þá Völsungi frá Húsavík. Strákarnir prýða forsíðu blaðsins að þessu sinni og Mosfellingur óskar þeim til hamingju með árangurinn.



Fríspilssamningur við Leyni Akranesi

Golfklúbburinn Kjölur hefur gert fríspilssamning við golfklúbbinn Leyni á Akranesi. Með þessum samningi er félagsmönnum gert kleift að spila frítt á völlum hvors annars, Hlíðarvelli og Garðavelli. Samningurinn gildir frá 1. maí til 30. september 2007. Garðavöllur er 18 holu völlur sem þýkir geysilega skemmtilegur.

Getraunasala jókst um 254% hjá UMFA

Ungmennafélagið Afturelding sigraði í getraunaleik sem UMFI og Íslenskar getraunir efndu til. Alls tóku 16 félög þátt í leiknum en markmið leiksins var að auka tekjur íþróttafélaga af getraunasölu. Afturelding jók sölu sína um 254% á tímabilinu. Í verðlaun fékk félagið peningaverðlaun og umsjónarstarfsmönnum var einnig boðið í ferð á knattspyrnu-leiki í Englandi.



Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf.
Þverholti 2
Kjarna



símar: 566-7310 og 896-0131 namo@namo.is

Upp í sveit að elta gamla geit

Lífið í sveitinni

Nú þegar sumarið er komið fara börnin á leikskólunum upp í sveit að skoða dýralífið. Þegar að ljósmyndara blaðsins bar að á Hraðastöðum í Mosfellsdal sáust glaðleg og forvitnileg andlit út um allt. Leyfum myndunum að tala.



Á flóttu undan málefnalegri umræðu

Helsta hugðarefni forseta bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, Karls Tómassonar, virðist vera að koma höggi á fjölmennustu umhverfisverndarsamtök bæjarins og þó víðar væri leitað, Varmársamtökin. Og af hverju skyldi það vera? Er hann ekki vinstri grænn? Ætti hann ekki einmitt að leggja umhverfisverndarsamtökunum lið? Nei, í stað þess að styðja þann málstað sem hann þó sjálfur boðaði fyrir síðustu sveitastjórnarkosningar gerir hann allt sem í hans valdi stendur til að ófrægja samtökin.

Fyrir stuttu náði krossferð forsetans og vina hans slíkum hæðum á blog.is að ætla má að ritstjórnin hafi ákveðið að nú væri nóg komið og birt IP-tölur bloggara. Í ljós kom að óhróðurinn sem komið hafði að því er virtist frá fjölda fólks átti upptök sín í 3-4 tölum sem allar tengdust forsetanum og vinahópi hans. Úr tölvu Karls var t.d. skrifað undir a.m.k. 10 nöfnum. Eftir birtinguna var hljóðlátt um stund og kviknaði jafnvel von um að þessi lýðræðislega kjörni bæjarfulltrúi vaknaði til vitundar um stöðu

sína og ábyrgð en því er öðru nær. Maðurinn tók sér fri og kom síðan tvíefldur til baka og hélt áfram fyrir iðju, nú undir réttu nafni.

Þegar Karl Tómasson var inntur eftir því hverju þessi framkoma sætti svaraði forsetinn því til að hann og fjölskylda hans hefðu orðið fyrir persónulegum árásum. Óharðnaður unglingur á heimilinu hefði fengið nóg og því ráðist með óhróðri á Varmársamtökin. Viðtal var tekið við Ragnheiði Ríkharðsdóttur bæjarstjóra þar sem hún lýsti yfir samúð sinni með Karli og fjölskyldu. Sá hængur var hins vegar á málflutningi þeirra beggja að hvergi kom fram hverjir það voru sem ofsóttu forsetann. Bæði Ragnheiði og Karli láðist að geta þess að Varmársamtökinn komu þar hvergi nærri. Þar sem hefndaraðgerðirnar beindust gegn samtökunum lá beinast við að þeir sem ekki vissu hið rétta í málinu ályktuðu að þau hefðu staðið fyrir ósömanum.

Í þeim tilgangi að fá sannleikann fram í dagsljósið sendi stjórn Varm-

ársamtakanna Karli Tómassyni og félögum áskorun um að axla ábyrgð á nafnlausum aðdróttunum í garð samtakanna. Einnig var þess óskað að þeir bæðust afsökunar á aðförinni. Ekki var orðið við þessari áskorun og ákvað stjórnin að birta afrit af blogg færslum þeirra félaga á bloggi samtakanna, dags 1. maí. Ragnheiði bæjarstjóra hafði áður verið send samantektin til að upplýsa hana um hverjir væru hinir raunverulegu gendur í málinu. Hefur hún enn sem komið er engin viðbrögð sýnt þó vonandi standi það til bóta.

Vel má vera að Karl Tómasson hafi verið ofsóttur af einhverjum og er það miður. Ljóst er að þær árásir voru ekki í nafni samtakanna. Enginn úr okkar stjórn hefur veist persónulega að Karli né lagt stund á nafnlausar blogg færslur.

Varmársamtökin eru íbúa- og umhverfisverndarsamtök. Vinstri græn eru að sögn umhverfisverndarflokkur með áherslu á íbúalýðræði. Umhverfisverndarsamtök hljóta að gagnrýna umhverfisverndarflokk sem svikur

umhverfisstefnuna að loknum kosningum. Karl Tómasson varð forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar í kjölfar sinna kosningalofröða. Honum ber skv. stefnu Vinstri grænna að vernda náttúruperlur bæjarins; skv. sömu stefnu- og sveitarstjórnarlögum að gæta hagsmuna fólksins sem hér býr.

Varmársamtökin skora á Karl Tómasson að sýna embætti sínu og bæjarbúum þávirðingu að biðja samtökin afsökunar á ómaklegri aðför hans og félaga hans að starfi samtakanna. Markmið Varmársamtakanna er að standa vörð um þau einstöku lífsgæði sem nálægðin við náttúru og sögulegar rætur Mosfellsbæjar veitir bæjarbúum. Æskilegt væri að sameinast um það göfuga verkefni í málefnalegri umræðu.

Berglind Björgúlfsdóttir,
Gunnlaugur B. Ólafsson, Sigrún
Guðmundsdóttir og Sigrún Pálsdóttir
stjórnarmenn í Varmársamtökunum
www.varmarsamtokin.blog.is



OPIÐ ÖLL KVÖLD

EUROVISION
STEMNING
UM HELGINA

Tilboð á barnum



Páll Helgason hefur helgað sig tónlistinni, þess á milli skreppur hann á hestbak.

Úr ullinni í tónlistina

Hann er yngstur sjö systkina, uppalinn við Spítalavegin á Akureyri, sonur hjónanna Kristínar Pétursdóttur húsmóður og Helga Páls-sonar kaupmanns. Maðurinn sem um ræðir heitir Páll Helgason.

„Sól, hiti og bráðnandi snjór, við krakkarnir að leik við Innbæinn er mín helsta minning frá Akureyri“ segir Páll aðspurður eða Palli Helga eins og flestir kalla hann, „það var alveg yndislegt að alast þarna upp.“

„Frá uppvaxtarárunum á ég góðar minningar, ég var í sveit mörg sumur í Borgarfirðinum á Kárástöðum við Borgarnes og það var ekkert betra en að vera innan um hestana og öll dýrin. Eftir gagnfræðapróf á Akureyri fór ég til Bretlands í enskunám og síðan lá leið mín í menntaskóla og varð Verzlunarskólinn fyrir valinu, árin þar skilja eftir góðar minningar.

Eftir útskrift lá leiðin norður og starfaði ég síðan við verslunarstörf á Akureyri til ársins 1969 auk þess að spila í hinum ýmsu hljómsveitum, einn vetur starfaði ég með hljómsveit Ingimars Eydals, ég lék aðallega á rafmagnsgítar og bassa.“

Álafossárin

Páll starfaði bæði sem innkaupa- og framleiðslustjóri hjá Álafossverksmiðjunum í 17 ár eða þar til Gefjun á Akureyri yfirtók Álafoss, á þessum tíma söng Palli annan tenór í Karla-kórnum Stefni undir stjórn Lárusar Sveinssonar heitins, „Lárus hafði mótagandi áhrif á þá tónlistarstefnu sem ég hef haft síðan í klassískum karlakórssöng enda var hann afburða góður kórstjóri“ segir Palli.



Páll Helgason 4 ára með móður sinni Kristínu Pétursdóttur.

„Pau örlög að missa vinnuna urðu þó mینگæfuspör því úrskrifstofuvinnunni datt ég inn í tónlistina og vil ég segja að Jón Ólafsson heitinn í Brautarholti sé minn örlagavaldur á tónlistarsviðinu þar sem hann réði mig sem organista við Brautarholtskirkju og hafði trú á mér sem tónlistarmanni en ég var alsendis ókunnugur sálma-söng og orgelspili.

Var ég síðan einnig ráðinn organisti við Saurbæjar- og Reynivallakirkju svo þarna var kominn vísir að því tónlistarstarfi sem ég vinn við núna. Ég vann um tíma á skrifstofum Kjalarneshrepps og síðan við tónlistarkennslu í Klébergsskóla og er þar enn, einnig var ég formaður skólaneftand Tónlistarskóla Mosfells-hrepps en þar var skólustjóri Ólafur Vignir Albertsson og var ég við nám hjá honum í fimm vetur og lauk 8. stigi í tónfræðum og hefur sú kennsla sem ég fékk hjá Ólafi Vigni verið undirstaðan á tónlistarferli mínum.“



MOSFELLINGUR

Tónlistarferillinn

Palli hefur staðið að og stofnað marga kóra í gegnum tíðina og þegar ég bið hann að rifja það upp með mér þá stendur ekki á svari:

„1979 stóð ég að stofnun Álafoss-kórsins að tilstuðlan starfsmannafélagsins og stjórnaði honum í átta ár og er sá kór enn í öflugum starfi undir stjórn Helga Einarssonar.

1988 stofnaði ég Mosfellskórinn og heldur hann því upp á 20 ára starfsafmæli á næsta söngvetri.

1989 stóð ég að stofnun Vorboða – kórs eldri borgara í Mosfellsbæ að tilstuðlan bæjarfélagsins með Svanhildi Þorkeldsdóttur í fararbroddi.

1991 var ég ráðin til að stofna Landsvirkjunarkórinn og stjórnaði ég honum í 14 ár eða til ársins 2005 og er sá kór enn í fullu fjöri undir stjórn Keith Reed.

1991 stóð ég að stofnun Karla-kórs Kjalnesinga og fór kórinn t.d. í fyrra til Parísar í tilefni af 15 ára söngafmælis.

Þessir kórar eru allir í fullu fjöri

með árlega tónleika og mikið félagslíf.“

Hestamennskan

Á veturna er þéttskipuð dagskrá hjá Palla vegna vinnunnar langt fram í tímann og á hann því sjaldnast frí þegar aðrir eiga frí en þess á milli skreppur hann á hestbak og nýtur þess vel að vera úti í náttúrunni.

„Hestarnir veita mér mikinn innblástur og hvíld“, segir Palli „auk þess sem ég nýt þess að fara í reiðtúra með söngfélögum mínum eins og t.d. hinu árlega þriggja daga vorferð um Kjalarnesið inn í Kjós.

Ég og vinur minn Jón Haraldsson höfum átt hesthús saman í fjölmörg ár og farið á hrossunum okkar um víðan völlinn.“

Fjölskyldan

Páll er giftur Bjarneyju Einarsdóttur sem er oftast kölluð Badda og eiga þau þrjú börn þau Helga, Einar og Aníta, barnabörnin eru 13 og eitt barnabarnabarn.

„Helsta áhugamál okkar Böddu er heimilið og stórfjölskyldan“ segir Palli „enda mikill samgangur við börnin okkar og barnabörn, einnig ferðumst við hjónin mikið innanlands á sumrin og förum helst eina hringferð árlega og svo styttri ferðir líka.“

„Á haustin skreppum við til sólarlanda og oftar en ekki á vorin í a.m.k. eitt kórferðalag. Badda hefur alla tíð fylgt mér dyggilega í kórstarfi mínu og tekið virkan þátt í ferðalögum og allri gleði sem því fylgir.

Við hjónin erum svo heppinn að vera miklir félagar og njótum þess að ferðast bara tvö ein en við erum engu að síður miklar félagsverur og njótum þess vel að vera í góðra vina hópi“ segir Palli að lokum.

Texti: Ruth Örnólfs

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.



Fjölskyldan saman komin Aníta, Helgi, Badda, Palli og Einar



Kynningarfundur vegna Tunguvegar

Fimmtudaginn 3. maí var haldinn kynningarfundur þar sem fyrirhugaður vegur sem tengja á Leirvogstunguhverfið við gatnahverfi Mosfellsbæjar var kynntur. Tunguvegur kemur einnig til með að tengjast við íþróttasvæðið á Tungubökkum. Hægt er að nálgast upplýsingar um Tunguveg og framkvæmdir hans á vef bæjarins, www.mos.is.



Stjörnuferð Bólsins til Vestmannaeyja

Hin árlega stjörnuferð Bólsins var helgina 13.- 15. apríl. Ferðinni var heitið til Vestmannaeyja. Mikið fjör var á ferðalöngunum sem ferðuðust yfir hafið með Herjólf. Ekki er öllum boðið í ferðina heldur er verið að verðlauna þá unglinga sem virk-astan þátt taka í félagsstarfinu. Að þessu sinni komust 12 lið til Eyja.



Vinstri græn flökta ekki eins og strá í vindi

Nú þegar einungis einn dagur er til kosninga er brýnt að allir hugsi til þeirrar baráttu sem Vinstri græn hafa staðið fyrir síðastliðin fjögur ár. Einungis fimm þingmenn hafa starfað fyrir flokkinn á alþingi Íslendinga með slíkum dugnaði og elju að stórt partur þeirrar baráttu er orðinn að keppikefli allra stjórnmálaflokka að flagga sem sínu.

Já, Vinstri græn hafa haft mikil áhrif. Þegar flokkurinn svo komst í oddastöðu einsog í Mosfellsbæ og situr þar við stjórn í fyrsta skipti undir eigin merki virðist sem allt ætli um koll að keyra. Þessa staðreynd virðast sér í lagi Samfylkingin og Framsókn engan vegin þola. Rétt eins og góð barátta þingmannanna okkar fjögur undanfarin ár hefur aðkoma Vinstri grænna að bæjarmálum í Mosfellsbæ þegar haft mikil áhrif.

Eitt af okkar stærstu kosningamálum var að gera leikskólann gjaldfrjálstan í áföngum. Nokkrum mánuðum síðar varð það mál að



veruleika þegar fimmára-deildin var gerð gjaldfrjáls. Með því varð Mosfellsbær stærsta byggðarlag landsins til að stíga það skref. Í góðri samvinnu við sjálfstæðismenn, samstarfsflokk okkar í bæjarstjórn, hefur verið ákveðið að Krikaskóli skuli ekki verða einkarekinn. Nú á næstu dögum verður auglýst til umsóknar ný staða hjá bæjarfélaginu. Starf þeirrar manneskju verður m.a. fólgið í Staðardagskrá 21. Það var eitt af stóru málum okkar Vinstri grænna í Mosfellsbæ. Í góðri samvinnu við samstarfsflokk okkar var einnig ákveðið að endurskoða fyrri ákvörðun og setja Tunguveg í umhverfismat án þess að til þess bæri bæjarfélaginu skylda. Á næstu mánuðum mun bæjarstjórn Mosfellsbæjar fara að huga að ýmsum stórum skrefum í menningar- og ferðamálum.

Já, Vinstri græn geta hæglega látið til sín taka en hafa verður í huga að í öllu samstarfi þarf að sýna skilning

og sanngirni, á því byggist gott samstarf og á því hefur samstarf meirihlutans í Mosfellsbæ verið byggt. Á gagnkvæmri virðingu og trausti.

Við Vinstri græn hér í suðvestur kjördæmi teflum fram öflugum lista með dugnaðar- og reynsluboltann Ögmund Jónasson í fararbroddi. Allt stefnir í að Guðfríður Lilja Grétarsdóttir nái kjöri. Það yrði mikill happafengur að fá hana á alþingi. Hún er einstaklega réttsýn, eldklár og heiðarleg baráttukona með hjartað á réttum stað.

Vinstri græn geta bæði verið öflugur stjórnarandstöðuflokkur og öflugur stjórnaflakki, dæmin sýna það til að mynda hér í Mosfellsbæ. Vinstri græn flökta ekki eins og strá í vindi. Vinstri græn hafa hreinar línur. Því geta allir kjósendur flokksins treyst.

Það er gaman að vinna með Vinstri grænum, þar kennir ýmissa grasa.

Karl Tómasson, forseti bæjarstjórnar og framboðandi VG í suðvesturkjördæmi

Breytum til batnaðar

Við lifum á undarlegum tímum þar sem öllu er snúið á haus. Ríkisstjórn stærsta hægri flokks landsins stendur í úreltum forsjárhaggygju og stóriðjuframkvæmdum. Á sama tíma hefur „miðjan“ svokallaða færst svo langt til hægri að hið pólitíska landslag er vart þekktanlegt frá því sem var. Sala og einkavæðing orkufyrirtækjanna blasir við ef ekkert er að gert og svo mætti lengi áfram telja. Hvaða þjónu hefur það fyrir fólk í landinu og landið sjálft?

Á slíkri stundu er mikilvægt að vera með öflugan innri áttavita og skýrt gildismat. Í heimi fákeppni þar sem alþjóðlegar risasamsteypur og auðhringir blasa við sem hið nýja alræðisvald „frelsisins“ er það helsta von okkar venjulegs fólks að krefjast virkara lýðræðis og heilbrigðara velferðarsamfélags sem lifir í sátt við náttúruna – samfélags þar sem við fólk í landinu veljum, höfum áhrif og ráðum för. Einungis samfélag sem sýnir trústuð ábyrgð í umhverfismálum hefur bolmagn til að skila auðlindum sínum og innviðum í betra ásigkomulagi til komandi kynslóða. Slíkt á ætíð að vera okkar stefna.

Þessa dagana eru flokkar að yfirbjóða hvern annan í svimandi löngum loforðalistum og kosningavíxlum rétt fyrir kosningar. Tökum ekki þátt í þeim leik og hugsum sjálfstætt, munum hverjir staðið hafa vaktina undanfarin ár og hafa góðan málstað að verja, málstað um breytingar til batnaðar. Við vinstri græn þurfum að vera



sterk og stór til að geta haldið aftur af frjálslygguöflum öfga og tækifærismennsku í þágu hagsmunaafla.

Breytt verðmætamat

Vinstrið í græna litnum er ákall um breytt verðmætamat. Við stöndum fyrir ábyrgð í umhverfismálum, náttúruvernd og sjálfbæra þróun. Í þeirri þróun getum við Íslendingar verið meðal fremstu þjóða heims ef við nú tökum á okkur rögg og breytum um kúrs. Sterkt og heilbriggt velferðarsamfélagsamofíðábyrgri umhverfisstefnu. Við viljum eitt kraftmikið samfélag fyrir alla þar sem fatlaðir sem ófatlaðir, sjúkir sem heilbrigðir, aldraðir sem ungir, konur sem karlar, gagnkynhneigðir sem samkynhneigðir, innflytjendur sem innfæddir, landsbyggðarfólk sem suðvesturhornið – allir um landið allt – búa saman á grundvelli skilyrðislauss jafnræðis og reisnar. Við viljum sjá verðmætamat þar sem fólk sem sinnir öldruðum, fötludum, börnum og sjúkum fær góð og hvetjandi lífskjör. Slík krafa er liður í jafnréttisbaráttunni allri, þar sem umönnunarstéttir kvenna mæta stöðugt afgangi og kynbundinn launamunur er enn óbreyttur. Við viljum byggja upp fjölbreytt atvinnulíf þar sem lítil og meðalstór fyrirtæki fá að blómstra og firrt stóriðjustefna jafnt sem fákeppni risasamsteypa vikur. Við lítum svo á að öflugt menningarlíf og velferð sé verðmætastakapandi í sjálfa sér, en ekki afgangsstærðir sem komi á eftir öllu hinu. Blómstrandi menningarlíf er auður, en ekki baggi eða útgjalda-

liður. Við viljum byggja upp skapandi og fjölpætt menntakerfi fyrir alla frá leikskóla og upp í háskóla og við viljum sjá veg iðngreina, vernaþáms og listgreina eflað til muna í sveigjanlegri skólakerfi framtíðarinnar. Við viljum byggja upp forvarnir, lýðheilsu og einstaklingsmiðaða heilbrigðisþjónustu. Við erum metnaðarfull fyrir Íslands hönd á alþjóðlegum vettvangi og stöndum fyrir friðarstefnu þar sem Ísland er strokað út af listum viljugra árársþjóða og er rödd friðar í stríðshrjáðum heimi.

Ef slík sýn um betra samfélag á að verða að veruleika verða skammtímahagsmunir, neysluhaggygja og gróðafíkn að víkja fyrir varðveislu lífsgæða, fjölbreytileika og náttúruvernd. Hvaða sýn fær okkar atkvæði núna á laugardag? Verum djörf og þorum að gera kröfu um breytt verðmætamat til batnaðar.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, skipar 2. sæti á lista VG í suðvesturkjördæmi

Aðsendar greinar

Greinum skal skila inn með tölvupósti á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Greinum skal fylgja fullt nafn ásamt mynd af höfundi.

MOSFELLINGUR

Þingmaður Mosfellinga

Kannanir um fylgi stjórn-
málaflokkanna sem birst
hafa undanfarið sýna að
Sjálfstæðisflokkurinn í SV-
kjördæmi hefur bætt við sig
einum kjördæmakjörnum
þingmanni frá síðustu al-
þingiskosningum. Það virð-
ast einnig vera ágætis líkur
á því að Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
bæjarstjóri í Mosfellsbæ, sem skip-
ar sjötta sæti listans komist inn sem
jöfnunarþingmaður. Sjötti þingmaður
Sjálfstæðisflokksins er eini raun-
hæfi möguleikinn fyrir Mosfellinga
að fá sinn þingmann, en fulltrúar úr
Mosfellsbæ á öðrum framboðslist-
um kjördæmisins eru langt frá því að
ná inn skv. öllum könnunum.

Hún Ragnheiður er vel kynnt af
störfum sínum bæði sem bæjarstjóri
og eins sem kennari og skólustjóri í
yfir 20 ár. Hún hefur verið oddviti
sjálfstæðismanna og bæjarstjóri frá
2002. Það eru vissulega blendnar til-
finningar hjá mér þegar ég hugsa til
þess að hún hætti sem bæjarstjóri í
Mosfellsbæ, en á hinn bóginn veit
ég líka hvað það skiptir miklu máli
fyrir okkur að hafa fulltrúa á alþingi
sem hefur jafn víðtæka þekkingu og
reynslu á málefnum sveitastjórna



og hún hefur og ekki síst
málefnum sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu.
En það verður örugglega
ánægjulegt fyrir hana að fá
tækifæri til þess að fylgja
eftir þeim málefnum sem
bæjaryfirvöld í Mosfells-
bæ hafa verið að vinna að á
undanförunum árum. Málefnum eins
og uppbyggingu hjúkrunarheimilis
hér í bæjarfélaginu, uppbyggingu og
rekstri framhaldsskóla Mosfellinga,
tvöföldun Vesturlandsvegarins alla
leið, löggæslumálum og ekki síst yf-
irfærslu á velferðarmálum frá ríki til
sveitarfélaga, enda öldrunarmálin
henni hugleikin.

Það er mín skoðun að það sé
mikilvægt fyrir byggðir landsins að
hafa þingmann sem þekkir vel til að-
stæðna í sínu kjördæmi og veit hvað
það er sem brennur á fólki á hverj-
um stað. Ég hvet ykkur til að kjósa
Sjálfstæðisflokkinn og tryggja flokkn-
um í SV-kjördæmi nægt fylgi til
að Ragnheiður Ríkharðsdóttir verði
einn af þeim þingmönnum sem tek-
ur til starfa á alþingi Íslendinga eftir
kosningar.

Herdis Sigurjónsdóttir



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Pverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Skólaliðar óskast í Lágafellsskóla

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu
skólastarfi þar sem einkunnarorðin SAMVERA,
SAMVINNA OG SAMVINNA eru höfð að leiðarljósi?
Vegna stækkunar skólans og fjölgunar nemenda
óskum við eftir að ráða skólaliða til starfa á næsta
skólaári. Um er að ræða fjölbreytt störf og vinnutími
er samkomulag. Laun samkvæmt kjarasamningi
viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknareyðublað liggur á skrifstofu skólans en einnig
er hægt að sækja um á netföngin sigridur@lagafellsskoli.is
og johannam@lagafellsskoli.is

Upplýsingar veita: Jóhanna Magnúsdóttir skólustjóri í síma:
525-9200, gsm: 896-8213 og Sigríður Johnsen skólustjóri
í síma: 525-9200, gsm: 896-8210

Við hvetjum karla jafnt sem konur til þess að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 18. maí.

Vertu með í okkar liði!

X-PIZZABÆR



Þú sækir pizzu og stóran skammt af

brauðstöngum og færð aðra **FRÍTT** með

EURO+ISIA **KJÓSUM RÉTT**



Heyrst hefur...



...að Bingi og Lotta séu búinn að eignast litinn gutta

...að Sólborg Alda grunnskólafulltrúi Mos sé komin með lögheimili í Skagafjörð og bjóði sig fram fyrir Íslandshreyfinguna í NV á morgun

...að Innlit/Útlit sé búið að tryggja sér lóð í Leirvogstungu og komi til með að reisa þar ansi veglegt hús sem fylgst verður með í þættinum á Skjá einum

...að Kristó rokkari í Lights on the Highway sé að fjölga mannkyninu

...að Dóri DNA sé á lista VG í Reykjavík norður

...að Hildur Bærings sé að fara gifta sig um næstu helgi

...að fjölgað verði í bæjarstjórn eftir næstu kosningar úr sjó í níu

...að Alfa sé forsiðugella VR blaðsins

...að RE-max sé að koma í Mosann

...að Hilmar Stef hafi hitt Laxness

...að samræmdu prófin séu búin

...að Viggí sé með FRAM-tennur

...að einn aðalklippari bæjarins sé handleggsbrotinn

...að N1 Dagur sé á Bæjardekki

...að Svanni komi til með að afsala sér bæjarstjóratign Pizzabæjar til eigenda Hróa Hattar

...að lið Jako hafi tapað í vítaspyrnukeppni fyrir fyrnasterkum pizzastrákum í firmakeppni Riddarans. Mjög sárt tap að sögn Bjarka Sig fyriliða Jako.

...að fótboltastráfunum sé spáð 3. sæti í 2. deildinni í sumar

...að sauðburður gangi vel

...að stórleik Liverpool og AC Milan verði varpað á risaskjá að Varmá þann 23. maí. Frítt inn og Mosfellsbæjarins bestu á staðnum

...að fyrsti leikurinn í fótboltanum hjá Aftureldingu sé á sunnudaginn

...að Siggi Valli hafi skellt sér til Finnlands til að fylgast með Eika Hauks í Eurovision

...að Bjarki Sig. verði áfram þjálfari Aftureldingar á næstu leiktið

mosfellingur@mosfellingur.is

Freyja Önundardóttir sýnir í Listasalnum

Eiginleikar



Laugardaginn 5. maí var opnuð sýningin Eiginleikar, einkasýning Freyju Önundardóttur í Listasal Mosfellsbæjar. Málverk Freyju eru í stöðugri þróun, allt frá hugrenningum um tengsl manna og náttúru með manninn í forgrunni yfir í að sýna náttúruna án mannsins. Verk hennar búa yfir náttúrustemningu og eru huglægar landslagsmyndir. Á sýningu Freyju í Listasal Mosfellsbæjar er kafað ofan í svörðinn þar sem eiginleikar landsins eru kannaðir.

Náin snerting við náttúruna

Freyja Önundardóttir er fædd árið 1961. Hún ólst upp í Vestmannaeyjum í náinni snertingu við haf og land. Myndlistin hefur verið aðalstarf Freyju frá því allt að hún útskrifaðist frá málunardeild Myndlistarskólans á Akureyri árið 1992. Einnig lauk hún tveggja ára fjarnámi í uppeldis- og kennslufræðum, með áherslu á listir, frá Háskólanum á Akureyri árið 1996. Veturinn 2004 - 2005 stundaði hún

nám í margmiðlunarhönnun í Borgarholtsskóla. Auk þessa hefur hún sótt ýmis námskeið.

Freyja hefur verið virk í fjölbreyttum menningarverkefnum og upptakum í gegnum tíðina. Hún hefur unnið ýmis hönnunar- og myndskreytingarverkefni ásamt því að kenna myndlist. Hún rak ásamt fleirum Gallerí Listakot í Reykjavík.

Listasalur Mosfellsbæjar, Kjarna, Þverholti 2, er opinn virka daga kl. 12-19 og laugardaga kl. 12-15 og er í Bókasafni Mosfellsbæjar.

Listasalur Mosfellsbæjar er fjölnota salur sem hefur verið starfræktur frá 2005. Salurinn er vettvangur fjölbreytts sýningarhalds atvinnu listamanna en samhlíða því er listafólki úr Mosfellsbæ veitt sérstakt tækifæri að koma sér á framfæri. Eins er listasalurinn notaður til tónleikahalds og annarra félags- og menningartengdra viðburða.

Aðgangur í salinn er ókeypis.



BINGÓ

17. MAÍ KL. 14
Í LÁGAFELLSSKÓLA

fimleikadeildin

MÆÐGUR

SKYLDLEIKADÁLKURINN



Alfa Regína Jóhannesd.
Íþróttarömuður



Svanhildur Þorkelsdóttir
Í félgsstarfi aldraðra

Í eldhúsinu

HJÁ HELGU OG HELGA

Hollur og góður kjúklingur

2 msk matarolía
500 gr kjúklingabringur (skerist í fingurlanga bita)
1 rif marinn hvítlaukur
200 gr þurrulaukur
120 gr gulrætur
250 gr brokkoli
1 stk. kjúklingakraftur
½ bolli vatn
2 msk ostrusósa (eða eftir smekk)
½ bolli ósaltaðar ristaðar cashew-hnetur
1 tsk kartöflumjöl

Hitið helmínginn af olíunni og steikið kjúklinginn. Hitið restina af olíunni og setjið grænmetið út í. Steikið þar til þúrran er orðinn mjúk. Setjið kjúklinginn, kartöflumjöl+vatn, kjúklingakraft+vatn, ostrusósu og hnetur út í og látið malla þar til sósan er mátulega þykk. Gott er að hafa hrísgrjón og brauð með.

Fljótleg og fersk skyrterta
Botninn: Mulið hafrakex, 5 msk smjör



Helga, Helgi með barnabarni sínu, Einari Mána

og 1 msk sykur brætt saman í potti. Sett í form. 1 stór dós vanilluskur og pelli af rjóma. Þetta hrært saman og sett ofan á botninn. Ofan á er svo sett kirsuberjasósa með berjum t.d. frá Gammel dansk.



HÁMARKS ÁRANGUR

Nú þegar ég hef gengið niður menntavegin í ein 14 ár ætti það að liggja beint fyrir að ég kynni náms-tækni sem hjálpar mér við að ná hámarks árangri.

Þegar ég hóf menntaskólagöngu mína var mikið lagt upp úr því að fara vel með sig í prófunum og fylgja vissri rútínu til þess að koma sem best út þessu hrottafegna tímabili Hún hljóðar einhvern vegin á þennan veg:

- Borða staðgóðan og hollan mat
- Ekki borða skyndiorku sem endist skammt, s.s. nammi
- Alls ekki læra á nóttunni og passa að fá góðan svefn
- Læra þar sem er friður og þú verður ekki fyrir truflunum
- Einbeita sér að því fagi sem næst-komandi próf er úr og frysta allt annað.
- Dömpa Stevie the Tevie í þessar nokkrar vikur sem prófin standa yfir

Baunin mín uppi meðtók upplýsingarnar og snéri þessu upp í eftirfarandi:

- Skreppa í nammiland á 2 klst. fresti og skola niður með könnu af kaffi
- Læri þar til hálfúmi er til prófs og tek mér þá stutta kríu.
- Sef yfir mig og mæti móð, sveitt af stressi með prófalfjótuna á hæsta stigi.
- Hef komist inn í læruþríeyki sem samanstandur af tveimur málglöðum unglingsstelpum.
- Vill svo skemmtilega til að þær eru eilítið veikar fyrir sjónvarpsglápi og þar sem ég er áhrifagjörn - orðin prófessor úr despó.
- Skrifa pistil í mosfelling í stað þess að túlka ljóð eftir Jón úr Vör
- Sofna fram á prófaörkinni.

Vona að ég verði víti til varnar í stað þeirrar afragðsfyrirmyndar sem ég legg í vana minn að vera. Biðjið fyrir mér gott fólk og sjáumst eftir prófin laus úr prísundinni.

Baráttukveðjur,
Kara Hergils



SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Íbúð óskast til leigu

Vantar íbúð til leigu í Mosfellsbæ. Helst tveggja herberja. Traustar greiðslur, fyrirfram ef óskað er. Þórður s. 617-1367 - thas@hrv.is

Íbúð til leigu

Óska eftir 2-3 herbergja íbúð til leigu sem fyrst í Mosfellsbæ. Reglusemi og skilvísi heitið. Lárus s. 893-8360

Fundið úr

Í síðustu viku fannst úr í Háholtinu. Finnandi getur haft samband við Steinunni í síma s. 5520090

Köttur á Sorpu

Hvítur köttur hefur verið tíður gestur á Sorpu að undanförmu. Ef einhver saknar hans getur hann nálgast hann á Sorpu.

Vantar skrifborð

Óskum eftir gefins skrifborði á skrifstofu Aftureldingar. Erna og Vilborg s. 566 7089


Herbergi til leigu

Sautján ára stúlka óskar eftir herbergi til leigu í Mosfellsbæ, upplýsingar í síma: 848-2319 (Guðbjörg) eða 866-1639

VEISLUGARÐUR

Hlégarður

Sími 566 6195



Opið allan sólarhringinn



Við erum við Esso stöðina Háholti í Mosfellsbæ, Reykjavíkurveg 1 Haf. og í Bæjarlind Kóp.

- miðstöð bílaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! - Sími 544 4540

hugurogheilsa.com - hugurogheilsa.com - hugurogheilsa.com

Bowentækni, höfuðbeina- og spjaldhryggsmæðferð, reiki-heilun, reiki-námskeið, Shiatsu þrýstipunktameðferð

Brynjólfur Einarsson, þerapisti s: 866-0007

TEPPAHREINSUN OG GLUGGAÞVOTTUR

fyrir fyrirtæki, fjölbýli og einstaklinga

Brynjólfur Einarsson s: 659-2375

Íslandsgröfur ehf. Mosfellsbæ

ÖLL ALMENN GRÖFUÞJÓNUSTA Á TRAKTORSGRÖFU

Sanngjarnt verð, fljót og góð þjónusta!

Símar 566 8830 og 896 8916

Tölvupóstur: islandsgrofur@islandsgrofur.is



Öll almenn veislu- og veitingaþjónusta

Hvort sem er í heimahús eða í sal
Höfum sali til leigu

Gæðakokkar - Blikastöðum 2
Símar: 5868412 - 6602440



SPURNING TIL BÆJARBUA


Eftir hverju kýst þú?



ANNA MARÍA:
Eftir málefnum.



HAUKUR:
Eftir bláu.



ESTER: Hvernig tekið verður
á erlendu vinnuafli.



SVANUR:
Eftir stöðugleika.



KOLBRÚN PÁLS:
Því sem mér finnst skynsamlegt.



PÉTUR STEINAR:
Ég má ekki kjósa.



Allir á ball, gott skráll



Mér finnst rigningin góð



Anna dyravörður



Einn dans við mig!



Hressar á boltaballi



Sterkustu menn Mosó



Zoolanderinn klikkar seint!!



Hver man ekki eftir þessum?



Valdi og Ómar

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Á leið down under???



Gömlu félagarnir í gírnun



Grísirnir þrír.....



Dúndur afmælisgjöf!!!



Áfram áfram Afturelding




Stúlka barsins



Stanslaust stuð í garðinum



Loksins loksins!!!



(Ævin) Týri



Hva er að fréttu?



Strákarnir flottir



Og brosa...



Smiðurinn



Dáleidd af Sailleth!!!



Pétur Pan




Fótboltatríóið



Kreisí villidýr í borginni



Flöskurefsing



Ofur krú, ekki spörning!



TATTÚ

JÓHANNA GEIRDAL

HÚÐFLÚRARI Í REYKJABYGGÐ

TVÍFARAR



SALOME PORKELS



KELLY OSBOURNE

Árangur áfram!

Samúel Örn Erlingsson
Kópavogi

Siv Friðleifsdóttir
Seltjarnarnesi

Frambjóðendur í Suðvesturkjördæmi
Kosningaskrifstofa Framsóknar: Bæjarlind 2, Kópavogi, s. 544 4430

framsokn.is

 **Framsókn**


2007



Ljós. Magnús Már

Sauðburður á Grjóteyri

Fyrstu dagar sumars einkennast af sauðburði til sveita. Sauðburður hefur gengið vel að sögn bænda í Kjós og á Kjalarnesi. Veðurfar hefur þótt afar hagstætt og nýfædd lömbin hlaupa um fagra haga. Kristján Finnsson, bóndi á Grjóteyri í Kjós, sést hér á myndinni við bæ sinn með nýfætt lamb. „Pau eru nú færri í dag en áður enda er ég núorðið eingöngu með fé fyrir sjálfan mig. Hér áður fyrir var maður með stærri hjörð,“ sagði Kristján. Þau hjónin, Kristján og Hildur Axelsdóttir hafa boðið börnum úr skólum höfuðborgarsvæðisins í heimsókn til þess að kynna sveitalífinu. „Við byrjuðum á þessu árið 1965 og erum enn að. Það er alveg nauðsynlegt að sýna börnum hvering sveitalífið gengur fyrir sig.“



Stórikriki

Einstaklega vel hannað og skipulagt 273 fm einbýli á einni hæð með innbyggðum bílskúr í botngötu með fallegu útsýni. skv. teikningu skiptist húsið í 5 svefnherbergi, tvö baðherbergi, stofu og borðstofu, sjónvarpshol, eldhús og borðaðstöðu, geymslu og þvottahús. Afhendist fullbúið að utan og fokhelt að innan. **V. 48,5 m.**



Sími:
588 55 30

Opíð virka daga frá kl. 9-18

Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson
Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



Stórikriki - raðhús

Glæsileg og vel byggt 4ra íbúða raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúrum frá 219fm-244 fm með innbyggðum bílskúrum á þessum mikla útsýnisstað fremst í Stórakrika í Mosfellsbæ. Húsin eru 219-244 fm og afhendast tilbúin til innréttinga og fullbúin að utan. Mikil lofthæð og gott skipulag. Traustur verktafi



Stóriteigur

Glæsilegt 143 fm einbýlishús auk 47,8 fm bílskúrs á frábæum stað í enda götu. Stórt óbyggt svæði umhverfis húsið gil og lækur. Fallegur garður Stór sólpallur með nýju potti. Topp frágangur. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi og tvöfaldur bílskúr. Arin í stofu. Topp eign í topp viðhaldi. Stórt hellulagt bílplan.



Byggðarholt

Vel skipulögð og innréttað 159 fm íbúð í raðhúsi á tveimur hæðum. Íbúðin skiptist í þrjú svefn, fallegt baðherbergi m/hornbaðkari, rúmgott eldhús og sólpall með skjólveggjum. Falleg íbúð. **V. 31,5 m.**



Hamratangi

Nýtt í sölu. Mjög vel skipulagt 145,6 fm. parhús með innbyggðum bílskúr við Hamratanga í Mosfellsbæ. Upptekin loft og mikil lofthæð í stofu og eldhúsi. 3 góð svefnherbergi og 2 snyrtingar. Innangengt úr bílskúr í íbúð. Stórt bílplan. Góðstaðsetning.



Hjallahlíð

Gullfalleig 117,4 fm íbúð á efstu hæð í fallegu fjórþingi auk 24 fm bílskúrs á þessum barnavæna stað í Mosfellsbæ. Í íbúðinni eru þrjú góð svefnherbergi. Sér þvottahús og geymsla í íbúð. Baðherbergi flísalaagt í hólf og gólf. Fallegt eldhús. Í íbúð eru vandaðar innréttingar, tæki og gólfefni. **V. 32,9 m.**



Blikahöfði - nýtt á skrá

Mjög falleg og vel innréttað 84,6 fm. íbúð á 2. hæð við Blikahöfða í Mosfellsbæ. Merbau parket á gólfum og flísar. 2 góð herbergi með skápum úr Maghony. Baðherbergi vel innréttað og flísalaagt. Flott eldhús með mosaikflisum og vönduðum eldhútsækjum. Stórar flísalaðar svalir sem snúa í suð-vestur. Eign fyrir vandláta.